

Atkins
Satt lífdaga



Íslenskir fótboltamenn
Ekki nógu dýrir



Arðgreiðslan flyst á Straum

Burðarás hefur skuldbundið sig til að greiða hluthöfum sínum um fimm milljarða króna í formi hlutabréfa í flutningafélaginu Avion Group. Skuldbinding Burðarás vegna Avionarðgreiðslu til hluthafa flyst yfir til Straums-Burðarás fjárfestingarbanka gangi samruni félaganna í gegn.



ARÐURINN TIL EIGENDA STRAUMS
Hluthafar Burðarás, nú Straums, fá fimm milljarða greidda í Avion-hlutabréfum.

Burðarás fékk um níu milljarða króna í hlutabréfum í Avion Group þegar Eimskipafélagið var selt snemma sumars.

Greiðsla þessi fer fram um hálfu ári eftir að Avion Group fær skráningu í Kauphöll Íslands og fá því hluthafar Straums bréfin í sínar hendur. Fyrirhugað er að skráning Avion verði í síðasta lagi í lok janúar á næsta ári. - eþa

Útrásarvísitalan hækkar: Intrum Justitia hækkar mest

Útrásarvísitalan hækkaði um rúmt prósent í síðustu viku og er hún nú komin í 113 stig. Þrjú félög hækkuðu um meira en fimm prósent og hækkaði Intrum Justita um rúm sjö prósent. Breska fyrirtækið NWF, sem Atorka á hlut í, hækkaði um tæp sex prósent og einnig sænska fyrirtækið Scribona, sem Burðarás á hlut í.

Gengi krónunnar veiktist lítillega í síðustu viku og hækkaði því Útrásarvísitalan meira en gengi félaganna á erlendum mörkuðum. Flest félögin í Útrásarvísitölunni hækkuðu nokkuð í síðustu viku.

EasyJet lækkaði langmest félagi í Útrásarvísitölunni eða um rúm fimm prósent. Önnur félög sem lækkuðu voru Cherryföretag, Low & Bonar og Skandia. - dh

FRÉTTIR VIKUNNAR

Methagnaður KB banka | KB banki hagnaðist um 24,77 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins. Hagnaður KB banka á sama tíma í fyrra nam 6,5 milljörðum króna.



Síminn seldur | Síminn var seldur Skipti hf. sem er félag í eigu Exista, KB banka, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildi - lífeyrissjóðs og fleiri smærri fjárfesta fyrir 66,7 milljarða króna.

11 milljarða hagnaður Landsbankans | Landsbankinn hagnaðist um 11 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sex milljarða árið áður. Arðsemi eigin fjár var 56 prósent á tímabilinu.

Össur keypti | Össur keypti bandaríska fyrirtækið Royce Medical Holding, Inc. Royce hefur um árabil verið einn af fremstu framleiðendum stuðningstækja í Bandaríkjunum.

Burðarás skipt upp | Burðarás hefur verið skipt upp milli Straums Fjárfestingarbanka og Landsbankans en markaðsvirði Burðarás var um 91 milljarður króna. Straumur fær stóran hluta eignasafns Burðarás en Landsbankinn styrkir mjög eigin fjárstöðu sína.

Atkins í aðhaldi | Megrunarfyrirtækið Atkins Nutritional á í miklum rekstrarvanda og hefur sótt um svokallaða gjaldþrotsvæðingunni í Bandaríkjunum.

Baugur kaupir | Baugur hefur keypt bresku verslanakeðjuna Jane Norman fyrir 13,5 milljarða. Sem fyrr eru stjórnendur og KB banki með í kaupunum. Jane Norman sérhæfir sig í sölu á fatnaði til ungra kvenna á aldrinum 15 til 25 ára. Undir merkjum félagsins eru reknar 39 verslanir og 56 sérleyfisverslanir.

Landsbankinn fær 17 milljarða í reiðufé

Um fjörutíu milljarðar af eignum Burðarás fara til Landsbankans en tæpir sextíu milljarðar til Straums. Fjárfestingargeta félaganna margfaldast eftir viðskiptin.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Markmið sameiningarinnar er að mynda stærri og öflugri fjármálafyrirtæki sem eru betur í stakk búin til að takast á við breyttar aðstæður í banka- og fjárfestingastarfsemi.“ segir Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðarás, um uppskipti félagsins á milli Landsbankans og Straums Fjárfestingarbanka. „Samruninn er einn af stærstu samrunum sinnar tegundar á Íslandi sé horft til hluthafafjölda, fjárhagslegs styrks og eigin fjár.“

Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir markaðsvirði Burðarás hafa verið fyrir helgi 97,5 milljarðar króna. Við skiptingu félagsins fær Landsbankinn 40,3 milljarða króna. Þar af eru rúmir 17 milljarðar greiddir með peningum. Stærstu eignirnar sem renna til Landsbankans eru 10,5 milljarðar í sænska fjárfestingabankanum Carnegie, fimm milljarðar í Marel og 2,2 milljarðar í Straumi sjálfum.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir að um 57 milljarðar af markaðsverðmæti Burðarás renni inn í sitt félag. Þar af séu fjórtán milljarðar viðskiptavild og því greitt 33ja prósentu yfirverð fyrir eigið fé félagsins. Aðrar eignir eru hlutabréf í Íslandsbanka, Icelandic Group og Skandia. Að auki



tekur Straumur yfir skuldbindingar Burðarás á greiðslu arðs til hluthafa vegna sölu Eimskips.

Stjórnendur Straums og Landsbankans var tíðrætt um aukna fjárfestingargetu félaganna eftir þessi viðskipti þegar þeir kynntu samrunann á Hótel Nordica í gær. Eigið fé hvors félags fyrir sig væri í kringum hundrað milljarðar króna. Sigurjón sagði að Landsbankinn gæti allt að tvöfaldað stærð sína. Þórður sagði svigrúm til fjárfestinga í einstökum verkefnum aukast um 175 prósent.

Straumur yfirtekur starfsemi Burðarás og þangað flytjast allir starfsmenn. Friðrik Jóhannesson, forstjóri Burðarás, lætur af störfum til að sinna öðrum verkefnum. Hann segist sáttur við viðskilnaðinn. Eftir samrunann eignast hluthafar Burðarás um nítján prósent í Landsbankanum og 43 prósent í Straumi.

Sagði sig úr stjórn VÍS

Exista og KB banki voru tengdir aðilar samkvæmt skilyrðum einkavæðingarnefndar. Fjárfestarnir hafa nú uppfyllt öll skilyrði sem þeim voru sett.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Exista, hefur sagt sig úr stjórn Vátryggingafélags Íslands (VÍS). Gerir hann það til þess að uppfylla skilyrði einkavæðingarnefndar um að tengdir aðilar meggi ekki fara með meira en 45 prósent í Símanum. Hefur fjárfestahópur Exista þá uppfyllt

öll skilyrði sem kaupendum Símans voru sett í einkavæðingarferlinu.

Erlendur sat í stjórn VÍS ásamt Lýði Guðmyndssyni, stjórnarformanni Exista. Þar sitja einnig Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, en Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, situr í stjórn KB banka.

Samanlagt ráða Exista og KB banki yfir 75 prósentum í Síman-

um eftir kaupin. Samkvæmt reglum einkavæðingarnefndar mega þessi félög ekki vera tengd ef þau ráða yfir svo stórum hluta. Áður en Erlendur sagði sig úr stjórn VÍS voru þessi félög hins vegar tengd þar sem þau deildu fleiri en einum stjórnanda í gegnum stjórn VÍS.

Fjárfestahópurinn mun skrifa undir kaupsamning í þjóðmenningarhúsinu á föstudaginn. Sjá úttekt síðu 10-11

8,0%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.06.2005–30.06.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	1%	8%
Bakkavör Group	1%	60%
Burðarás	0%	37%
Flaga Group	1%	-22%
FL Group	1%	49%
Grandi	1%	6%
Íslandsbanki	1%	24%
Jarðboranir	0%	7%
Kaupþing Bank	1%	26%
Kögun	0%	26%
Landsbankinn	4%	59%
Marel	0%	19%
SÍF	0%	-2%
Straumur	1%	32%
Össur	11%	14%

*Miðað við gengi í Kauphöll á föstudaginn

Kauphallarforstjóri fagnar fréttunum

„Þessi tíðindi eru fagnaðarefni og samruninn er til þess að efla markaðinn,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, aðspurður um samruna Burðarás við Landsbankann og Straum.

Hann bendir á að þetta sé einn stærsti samruni eða yfirtaka sem fram hefur farið á Íslandi og lítill breyting verði innan Kauphallarinnar þrátt fyrir að félögunum fækki um eitt. „Efnahagurinn

verður sá sami, félögin sem eftir verða styrkjast og hluthöfum fjölgar,“ segir hann.

Kauphöllinni var tilkynnt um að viðræður væru í gangi milli félögunna um helgina og telur Þórður að vinnubrögð stjórnenda félögunna séu í fullu samræmi við lög og reglugerðir. - eþa

FAGNAR FRÉTTUNUM Forstjóri Kauphallarinnar telur að uppstokkun Burðarás geti eftir markaðinn og styrkt stöðu Landsbankans og Straums.



Væntingar um Carnegie

Hlutabréf í sænska fjárfestingarbankanum Carnegie tóku kipp upp á við þegar tilkynnt var um uppstokkun Burðarás sem meðal annars á fimmtungshlut í sænska bankanum. Hækkuðu bréf í Carnegie um sex prósent vegna orðröms um að Landsbankinn, sem fær hlut Burðarás í sínar hendur, ætli sér að taka bankann yfir.

Gengi Carnegie stendur í tæpum 95 krónum á hlut og hefur ekki verið hærra í meira en þrjú ár. - eþa

Stjórnarformaður ánægður með kaupin á Burðarási

Verðið er gott að mati forsvarsmanna Straums.

Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Straums, er hæstánægður með kaupin á Burðarási. „Við erum að kaupa eitt elsta hlutafélag landsins sem hefur á að skipa mjög hæfu starfsfólki og góðu eignarsafni.“ Eftir kaupin verður Straumur einn stærsti sérhæfði fjárfestingarbanki Norðurlandanna.

Hann fagnar því að fá Björgólfsfeðga inn í hluthafahóp Straums-Burðarás með beinum hætti og segir að þeir gangi til liðs við aðra öflugra fjárfesta.

Straumur greiðir um 33ja prósentu yfirverð fyrir eigið fé Burðarás. Aðspurður um það verð sem greitt hafi verið fyrir Burðarás þá segir Magnús að verðið sé vel ásætlanlegt. Meðal félaga sem Straumur fær í sitt safn eru Icelandic Group, Ís-



MAGNÚS KRISTINSSON OG ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON Stjórnarformaður Straums varð að sleppa Þjóðhátíðinni vegna strangra fundarhaldna um helgina.

landsbanki og Skandia auk fjölda óskráðra bréfa.

Magnús sagðist hafa misst af Þjóðhátíðinni í Eyjum vegna mikilla fundarhaldna um verslunarmannahelgina en það hafi verið þess virði. - eþa

Hvatinn var breyting á rekstri Burðarás

Bankastjóri Landsbankans segir misskilning að Landsbankinn undirbúi yfirtöku á sænska fjárfestingarbankanum Carnegie.

Björgvin Guðmundsson skrifar

Eftir að Burðarás seldi frá sér Eimskip lá fyrir að félagið þurfti að sækja um fjárfestingabankaleyfi til Fjármálaeftirlitsins, segir Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðarás. „Það er hvatinn að því að við byrjuðum að skoða hvort betra væri sækja um fjárfestingabankaleyfi sjálf eða sameinast öðrum fjárfestingarbanka.“

Um verslunarmannahelgina var svo unnið að sameiningu Burðarás við Straum Fjárfestingarbanka, sem tekur starfsemi félagsins yfir. Ákveðnar eignir renna inn í Landsbankann. Hefur þessi flétta verið samþykkt í stjórnnum allra félögunna með fyrirvara um samþykkt hluthafa. Gert er ráð fyrir því að hluthafafundur verði haldinn um miðjan september. Eftir sameininguna verður Landsbankinn og Straumur meðal fjölmennustu almenningshlutafélaga á Íslandi; Straumur með um 21 þúsund hluthafa og Landsbankinn með rúm 27 þúsund hluthafa.

„Stækkunarmöguleikar bankans hafa aukist gríðarlega,“ sagði Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, þegar þessi áform voru kynnt í gær. Hann sagði þess misskilnings



MAGNÚS KRISTINSSON, ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON OG BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Stjórnarformaður og forstjóri Straums unnu að sameiningu Burðarás við Straum um verslunarmannahelgina ásamt stjórnarformanni Burðarás. Allir voru sáttir við niðurstöðuna á fundi í gær þar sem sameiningin var kynnt.

hafa gætt í fjölmöldum að unnið hafi verið að yfirtöku á sænska fjárfestingabankans Carnegie innan Landsbankans. „Við lítum á þetta sem góðan fjárfestingarkost og gerum ekki ráð fyrir að kaupa meira í fyrirtækinu.“

„Við erum í stakk búin til að takast á við verkefni erlendis meira en við höfum gert. Við höfum ekki keypt neina stórar stofnanir erlendis heldur höfum við keypt minni fyrirtæki sem hafa passað inni í þann vöxt sem við ætlum út í. Þau koma með verkefni til okkar sem við ætlum

okkur svo að sinna“ segir Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans. „Það er okkar aðaláhersla að vera með fyrirtæki sem skapa okkur ný verkefni.“

Markaðurinn sagði frá því í síðustu viku að frekari kaup eða yfirtaka á Carnegie hefðu verið undirbúin innan Landsbankans en málinu slegið á frest. Í Svíþjóð gilda ekki sömu reglur og í Bretlandi þar sem fjárfestum er óheimilt að taka félag yfir í sex mánuði eftir að þeir neita yfirtökuáformum.



HLUTHAFAR LANDSBANKANS Í GÓÐUM MÁLUM Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, og Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans.

Segja hluthafa Landsbankans hagnast mest

Ýmsar viðmiðanir voru notaðar til að verðleggja félögin þrjú: Burðarás, Landsbankann og Straum.

Við verðmat á Burðarás við skiptingu milli Straums og Íslandsbanka voru ýmsar viðmiðanir notaðar til að verðleggja öll félögin þrjú sem tengjast viðskiptunum. Við ákvörðun skiptihlutfalla hefur meðal annars verið miðað við skráð markaðsverð hlutabréfa í félögunum, fjárhagslega stöðu þeirra, afkomu, markaðsstöðu og framtíðarhorfur. Í Morgunkornum greiningardeildar Íslandsbanka kemur fram að sé miðað við lokagengi félögunna þriggja á föstudag var en þá var gengi

Landsbankans 19,2 krónum á hlut, gengi Straums 12,6 og Burðarás 16,4. Miðað við þessi verð greiða hluthafar Burðarás 49 milljarða króna fyrir 58 milljarða króna hlut í Straumi, sem jafngildir fimmtán prósentu afslætti. Að sama skapi greiða hluthafar Landsbankans 41 milljarð fyrir 48 milljarða hlut í Burðarás, sem jafngildir einnig um fimmtán prósentu afslætti. „Fljótt á litið virðast því hluthafar Landsbankans hagnast mest á þessum viðskiptum,“ segir í Morgunkornum. - dh

Hagnaður bankanna 54 milljarðar

Hagnast meira á fyrstu sex mánuðum ársins en allt árið í fyrra.

Hagnaður Íslandsbanka, KB banka, Landsbankans og Straums á fyrstu sex mánuðum ársins voru 54 milljarðar króna en allt árið í fyrra nam hagnaður bankanna 46 milljörðum króna.

Aukinn hagnað bankanna má rekja til umsvifameiri rekstrar þeirra, bæði hér á landi og erlendis. Hagnaður af sölu eigna, gengishagnaður af eignum í öð-

um félögum, auknar vaxtatekjur vegna mikillar útlánaaukningar og auknar tekjur vegna fyrirtækjaverkefna skýra hagnað fjármálaýfirtækjanna að stórum hluta.

Heildareignir bankanna nema tæpum 4.300 milljörðum króna og er KB banki með mestu eignirnar, 1.900 milljarða. Eignaaugning bankanna skýrist að mestu leyti

af kaupum þeirra á erlendum bönkum, bæði á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Sífelld stærri hluti af tekjum bankanna kemur frá útlöndum og stendur KB banki þar fremst en sjötíu prósent af tekjum bankans koma frá útlöndum á fyrstu sex mánuðum ársins.

Hluthafar í öllum bönkunum samanlagt eru 61 þúsund. - dh / Sjá nánar bls. 8

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



410 4000 | www.landsbanki.is



Úlfur án sauðargæru.

Nýi M-Class jeppinn er magnaður bíll, enda ekki við öðru að búast frá Mercedes-Benz. Hann er útbúinn nýrri tækni sem nánast límir hann við yfirborðið, en kraftmikil vélin, t.d. V6 dísil 224 hestöfl í ML 320 CDI, rífur hann bókstaflega áfram. 7G-Tronic sjálfskiptingin er ein af mörgum tækninýjungum sem er staðalbúnaður í bílnum en það er alltaf gaman að láta koma sér á óvart. Sjáðu með eigin augum þennan glæsilega jeppa. Hápunktur dagsins er lengri leiðin heim í nýjum M-Class.



Mercedes-Benz

Meðalárslaun 75 milljónir

Ensku úrvalsdeildarliðin greiða leikmönnum sínum að meðaltali 4,4 milljarða króna í árslaun. Samkvæmt því eru meðallaun leikmanna í deildinni tæpar 75 milljónir á ári. Kemur þetta fram í skýrslu endurskoðendafyrirtækisins Deloitte et Touche.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður knattspyrnumanna, segir þó að ungir knattspyrnumenn með atvinnumannsdráuma í maganum ættu ekki að fá glýju í augun, enda komist fáir leikmenn í álnir af fyrsta samningi sínum við erlent lið. „Það er ekki fyrr en á öðrum samningi við erlent lið að leikmenn geta farið að fá umtalsverðar fjárhæðir í sinn hlut.“ - jsk / Sjá nánar bls. 18



ÚR ENSKU ÚRVALSDEILDINNÍ Það væsir ekki um Hermann Hreiðarsson og félagi í ensku úrvalsdeildinni enda meðalárslaun leikmanna um 75 milljónir króna.

Tvær Oasis verslanir í Smáralindinni

Breska tískuverslunarkeðjan Oasis opnar í Smáralind um miðjan september næstkomandi. Að versluninni standa eigendur Oasis í Kringlunni en þeir reka jafnframt verslun undir merkjum Oasis inni í Debenhams, Smáralind. Þar með verða reknar tvær verslanir tískukeðjunnar í Smáralind sem þó verða frábrugðnar hvor annarri í áherslum.

„Þetta er spennandi dæmi og hefur ekki verið reynt á Íslandi eftir því sem ég veit best,“ segir

Jón Arnar Guðbrandsson sem hefur sérleyfi fyrir Oasis á Íslandi ásamt konu sinni Ingibjörgu Þorvaldsdóttur.

Þau reka einnig sjö verslanir í Danmörku.

Að sögn Jón Arnars hefur verslunin í Kringlunni gengið vel og er hún söluhæsta verslun Oasis utan Bretlandseyja á hvern fermetra. - eþa

OASIS Í SMÁRALIND Eigendur Oasis á Íslandi ætla að opna í Smáralind þriðju verslunina á Íslandi. Þeir reka nú þegar verslun í sama húsi.



SAMSON-HÓPURINN Keyptu um 45 prósent hlut ríkisins í Landsbankanum í lok árs 2002. Hluturinn hefur aukist um 70 prósent á árinu.

Hlutur Samsons hækkar um 15 milljarða

Eignarhlutur Samsons eignarhaldsfélags í Landsbankanum hefur hækkað að verðmæti um fjórtán til fimmtán milljarða króna frá 1. júlí. Eignarhlutur félagsins er nærri 45 prósent í bankanum. Landsbankinn hefur hækkað um fimmtung frá þar síðustu mánaðamótum og má reikna með að ávöxtunin hafi verið um 450 milljónir á dag. Þó er rétt að taka fram að hér er einungis um óinnleystan gengishagnað að ræða.

Eigendur Samsons eignarhaldsfélags eru Björgólfur Thor Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson og Magnús Þorsteinson. - eþa

Útrásarvísitalan hækkar meira en Icesx

Fjárfesting í erlendum hlutabréfum skilaði betri ávöxtun síðustu þrjá mánuði.


Dögg Hjaltalín
skrifar

Útrásarvísitalan hefur skilað betri ávöxtun síðustu þrjá mánuði en Úrvalsvisitalan. Gengi krónunnar hefur haldið sterkt á sama tíma. Útrásarvísitalan hefur hækkað um rúm 13 prósent síðustu þrjá mánuði, sem gefur rúmlega 50 prósent ávöxtun á ári. Úrvalsvisitalan hefur hinsvegar hækkað um sex prósent sem gæfi 24 prósent ársávöxtun.

Singer & Friedlander og Somerfield hafa horfið úr Útrásarvísitalunni og nokkur ný hafa komið inn. Finnsla fjarskiptafyrirtækið Saunalahti og sænska leikjafyrirtækið Cherryföretag eru meðal þeirra sem hafa komið ný inn.

Útrásarvísitalan samanstendur af fyrirtækjum sem íslensk félög hafa keypt hluti í og hefur hún verið reiknuð frá því í byrjun maí. Við yfirtöku eða sölu á hlut í eigu íslenskra félaga hverfa þau úr Útrásarvísitalunni.

Gengi íslensku krónunnar hefur áhrif á þróun Útrásarvísitalunnar en verðmæti félaganna í vísitalunni er reiknað í íslenskum krónum og breyting á vísitalunni miðuð út frá því. - dh



PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

8,3%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun sl. ár m.v. 31.07.2005

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. Fjárfestingarsjóður teist vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fölginn í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
- kraftur til þín!

Hækka á sjötta tug milljarða króna

Verðmæti Landsbankans hefur aukist verulega.

Júlí var góður mánuður fyrir eigendur banka og fjárfestingarfélaganna sem skráð eru í Kauphöll Íslands því öll félögin hækkuðu. Markaðsvirði þeirra jókst um 53 milljarða króna í mánuðinum. KB banki og Landsbanki skýra að mestu þá verðmætaukningu vegna stærðar sinnar.

Landsbankinn hækkaði mest í júlí eða um 12,9 prósent. Burðarás kom næstur með um 7,9 prósent hækkuð, KB banki hækkaði um 4,9 prósent, Íslandsbanki um 4,1 prósent en minnst hækkuðu hlutabréf í Straumi eða um 3,7 prósent.

Hækkunin er enn meiri þegar gærðagurinn – fyrsti viðskiptadagur í ágúst – er tekinn með í reikninginn en Burðarás, Landsbankinn og Straumur hækkuðu verulega í verði eftir að tilkynnt

AUKNING MARKAÐSVIRÐIS BANKA OG FJÁRFESTINGARFÉLAGA Í JÚLÍ

	Verðmætaukning*	Hækkun
Landsbankinn	19.580	12,9%
KB banki	17.209	4,9%
Íslandsbanki	7.224	4,1%
Burðarás	6.671	7,9%
Straumur	2.745	3,7%

* í milljónum króna

var um skiptingu Burðaráss milli hinna tveggja síðarnefndu.

Landsbankinn hefur einnig hækkað mest þessara félaga frá áramótum. Hækkunin er yfir sjötíu prósent en verðmæti Burðaráss og Straums hefur aukist um fjörtíu prósent á sama tímabili. - eþa



BROSA BREITT Björgólfur Guðmundsson og Sigurjón Arnason hafa ástæðu til að brosa breitt, enda var júlí góður mánuður fyrir eigendur Landsbankans og Burðaráss.

Leynist tímamótahugmynd hjá þér?



Íslandsbanki styður nýsköpun

Nýsköpun 2005 er samkeppni um gerð viðskiptaáætlana. Markmiðið er að laða fram áhugaverðar hugmyndir og verkefni, auka þekkingu í gerð viðskiptaáætlana og auka verðmætasköpun í íslensku samfélagi.

Ef þú eða fyrirtækið þitt hefur snjalla, frumlega eða spennandi hugmynd á þjónunum er Nýsköpun 2005 kjörið tækifæri til að koma henni á framfæri.

- Þátttaka er ókeypis
- Áætlunin þín fær vandaða umsögn sérfræðinga
- Vegleg peningaverðlaun
- Valin verkefni fá stuðning frá löntæknistofnun

Nánari upplýsingar um keppnina og leiðbeiningar um gerð viðskiptaáætlana er að finna á www.nyskopun.is og isb.is.

Skilafrestur er til 1. september 2005



Þjóðaráttak um nýsköpun

Íslandsbanki er stoltur bakhjarl Nýsköpunar 2005



ÍSLANDBANKI | 100%

ÚTRÁSARVÍSITALA					
113,12 1,31%					
Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	11,75	Lev	40,17	2,80%
Carnegie	Svíþjóð	89,25	SEK	8,34	4,46%
Cherryföretag	Svíþjóð	28,20	SEK	8,34	-0,76%
deCode	Bandaríkin	9,88	USD	64,80	3,49%
EasyJet	Bretland	2,44	Pund	113,83	-5,05%
Finnair	Finnland	7,30	EUR	78,42	1,68%
French Connection	Bretland	2,54	Pund	113,83	0,59%
Intrum Justitia	Svíþjóð	57,75	SEK	8,34	7,15%
Low & Bonar	Bretland	1,02	Pund	113,83	-0,39%
NWF	Bretland	4,90	Pund	113,83	5,95%
Sampo	Finnland	12,63	EUR	78,42	2,70%
Saunalahti	Finnland	2,61	EUR	78,42	4,84%
Scribona	Svíþjóð	14,50	SEK	8,34	5,76%
Skandia	Svíþjóð	43,80	SEK	8,34	-0,71%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

Nýr karl í brú Nokia

Jorma Ollila lætur af störfum eftir þrettán ára starf.

Jorma Ollila, hinn 55 ára forstjóri Nokia, hefur ákveðið að vika til hliðar næsta sumar og setjast í stól stjórnarformanns. Eftirmaður hans í forstjórastöðu verður Olli-Pekka Kallasuovo sem starfar sem framkvæmdastjóri hjá Nokia.

„Það var kominn tími á breytingar, bæði fyrir mig og Nokia,“ sagði Jorma þegar hann tilkynnti um breytingarnar í höfuðstöðvum Nokia í Esbo.

Jorma hefur starfað hjá finnska stórveldinu síðan 1985

og stýrt félaginu frá 1992. Á þessum þrettán árum hefur fyrirtækið breyst úr gamaldags iðnaðarfyrirtæki í eitt mesta hátæknifyrirtæki heims. Árið 1998 varð Nokia stærsti far-símaframleiðandi heims og hefur haldið þeirri stöðu síðan. Árslaun Jorma eru talin vera um 400 milljónir króna. - eþa

JORMA OLLILA Lætur af störfum sem forstjóri Nokia eftir þrettán ára starf.



FRÁ BANDARÍKJUNUM Hagvöxtur í Bandaríkjunum var 3,4 prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Bandaríska hagkerfið vex

Hagvöxtur í Bandaríkjunum var 3,4 prósent á öðrum ársfjórðungi. Er þetta framar vonum sérfræðinga sem óttuðust að hátt eldsneytisverð hægði á vexti. 3,8 prósent hagvöxtur var á fyrsta ársfjórðungi.

„Menn óttuðust að hátt eldsneytisverð, skuldir almennings, hryðjuverkaógnin og hátt hús-

næðisverð drægi úr vexti. Þessar tölur sýna hins vegar að viðskiptalíf í Bandaríkjunum er í blóma,“ sagði Ken Mayland sérfræðingur hjá ráðgjafafyrirtækinu Clearview.

Meðalhagvöxtur á ársfjórðungi í Bandaríkjunum undanfarið þrjú ár hefur verið 2,8 prósent. - jsk

Risabygging í Moskvu

Árið 2007 verður hæsta bygging Evrópu í miðborg Moskvu. Skýjakljúfurinn, sem nefnist Sambandsbyggingin, verður 340 metra há glerbygging úr stáli, 87 hæðir og 345 þúsund fermetrar að flatarmáli.

Í byggingunni verða meðal annars skrifstofur, lúxusbúðir og fimm stjörnu hótél á 44 hæðum. Á efstu hæð verður veitingastaður og útsýni til allra átta.

Fullbúin verður Sambandsbyggingin um 80 metrum hærrí en Commerzbankbyggingin í Frankfurt en hæsti skýjakljúfur heims verður sem áður Taipei 101 í Taívan sem er 509 metra há. - eþa

COMMERZBANK Í FRANKFURT Hæsta bygging Evrópu þar til lokið verður við gerð Sambandsbyggingarinnar í Moskvu.



Lincoln Aviator

Lincoln Navigator

Lincoln Mark LT Væntanlegur

Þekkir þú tilfinninguna þá stund þú rennur að landi eftir góðan dag? Taugarnar farnar að róast og bjartsýnin fyllir mann og annan gleði og krafti? Hvernig það er að ljúka deginum í sátt og samlyndi við Guð og nátturuna - renna sér uppí jeppann og rétt finna þýða V8 Lincoln vélinna þjóna þér sem sægreifa? Tilfinningin er einungis þeirra sem reynt hafa. Sáfín-nikkel. Amerísk hnota. Hanskalæður í sætum. Þú ekur **Lincoln Aviator** í kvöldroðanum og heldur þig á flugi og mjúkum skjújum. Lincoln er handverk sem er unnið af alúð og myndar glæsileika sem á sér enga fyrirmynd. Yfirmáta fjölbreytt. Sérlega fagaður. Framúrskarandi. Þetta er Lincoln. Lúxusmerkið sem vinir okkar vestra velja af öryggi fyrir forseta Bandaríkjanna. Góður fyrir þig líka.

Háþróuð rafeindastýrð Lincoln stöðugleikastýring með velhvörn fylgist stöðugt með hreyfingum bílsins. Nemi kerfið



www.lincoln.is

Atkins Nutritional satt lífdaga?

Megrunarfyrirtækið Atkins Nutritional hefur farið fram á greiðslustöðvun. Skuldir fyrirtækisins nema tuttugu milljörðum króna.

Jón Skaftason
skrifar

Megrunarfyrirtækið Atkins Nutritional á í miklum rekstrarvanda og hefur sótt um greiðslustöðvun hjá bandarískum yfirvöldum. Skuldir fyrirtækisins nema tæplega tuttugu milljörðum króna.

Greiðslustöðvunin gerir fyrirtækinu kleift að halda starfsemi sinni áfram og fresta greiðslu skulda á meðan leitast er við að koma rekstrinum í lag.

Margir Íslendingar ættu að kannast við Atkins-megrunarkúrinn sem byggir á því að breyta mataræði fólks, fá það til að borða prótínríka fæðu í stað matar sem inniheldur mikið kolvetni. Atkins Nutritional hefur gefið út fjölda bóka og myndbanda um kúrinn auk þess að framleiða „Atkins-væn“ matvæli.

Kúrinn fór á sínum tíma sigurför um heiminn en eitthvað slöknaði á vinsældunum eftir að í ljós kom að ekki voru allir á einu máli um ágæti hans.



ATKINS-KÚRINN Atkins-kúrinn tröllreið öllu fyrir nokkrum árum. Nú er svo komið að fyrirtækið sem stofnað var kringum kúrinn, Atkins Nutritional, á í miklum rekstrarvanda.

Frumkvöðull Atkins-kúrsins og stofnandi fyrirtækisins, Robert Atkins, lést árið 2003 og er fyrirtækið nú í eigu fjárfestinga-

félagsins Parthenon Capital, Goldman Sachs banka og eignarhaldsfélags í eigu Atkins-fjölskyldunnar. - jsk

möguleika á veltu grípur það sjálfkrafa inn í aksturinn áður en þú verður þess var. Kerfið aðstoðar þig og dregur úr vélaraffli og hemlar hjólin þangað til stöðugleika hefur verið náð. **Lincoln Aviator** þjónar sex, jafnvel sjö manns. Velliðan er besta öryggið í akstri og er að finna í smáatriðum. Þú velur sætaskipan á þann hátt sem enginn annar bíll í sama flokki býður. Prófaðu.

Lincoln THX hljómkernið* þjónar sex diskum og níu hátalarar stýra tónaflóðinu. Hönnuðir Lincoln og THX unnu saman við að þróa einstakt hljómkernið þar sem hinn eini sanni hljómur er samur við hvaða styrk sem er. Þetta er Lincoln. Mælikvarði á amerískan lúxus sem loksins er í boði fyrir kröfuharða Íslendinga. Breyttu til. Veldu **Lincoln Aviator**.

Komdu í Brimborg og þú ert á öruggum stað viljir þú þjónustu sérfræðinga Lincoln á Íslandi. Brimborg. Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ.



Lincoln Aviator Luxury AWD 4.6 V8 302 hö. bensín 5 þrepa sjálfskipting. Verð 5.965.000 kr.*
Lincoln Navigator Luxury 4x4 5.4 V8 300 hö. bensín 6 þrepa sjálfskipting. Verð 6.985.000 kr.*
Lincoln Navigator Ultimate 4x4 5.4 V8 300 hö. bensín 6 þrepa sjálfskipting. Verð 7.385.000 kr.*



Bananastrið í Evrópu

WTO hefur gefið Evrópusambandinu tíu daga til að breyta fyrirhuguðum tollum á banönum frá Suður-Ameríku.

Tollar sem Evrópusambandið hugðist leggja á innflutta banana frá Suður-Ameríku eru ólöglegir samkvæmt úrskurði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Fjöldmörg ríki Suður-Ameríku tóku sig saman og stefndu Evrópusambandinu fyrir dómstól WTO. Evrópusambandið hugðist hækka tolla á banana frá Suður-Ameríku til að vernda innflutning frá fyrrverandi nýlendum Evrópulanda í Afríku og Karíbahafinu.

Suður-Ameríkumennirnir töldu að yrðu tollarnir hækkaðir myndi það stefna lífsviðurværi bananaframleiðenda í álfunni í hættu. Dómstóll WTO féllst á þau rök og gaf Evrópusambandinu tíu daga til að bæta ráð sitt eða sæta að öðrum kosti refsingum.

Sextíu prósent allra banana sem fluttir eru inn til Evrópu koma frá Suður-Ameríku, tuttugu prósent frá gömlum nýlendum og önnur tuttugu prósent eru ræktuð á Spáni og í Frakklandi. - jsk

UNGUR BANANASALI Tollar sem Evrópusambandið hugðist leggja á banana frá Suður-Ameríku til að hygla gömlum nýlendum sínum í Afríku og Karíbahafinu eru ólöglegir samkvæmt WTO.



Fréttabúðir/AFP

Heldur fast um budduna

Stjórnarformaður Aston Villa kominn af spítala. Félagið gert upp með tapi.

Doug Ellis, stjórnarformaður og aðaleigandi Aston Villa, er almennt séð illa liðinn meðal stuðningsmanna félagsins því þeim þykir að hann vera of aðhaldssamur og það bitni á gengi liðsins. „Deadly“ Doug, eins og hann er kallaður, var lagður inn á spítala um daginn og var það tilkynnt til bresku kauphallarinnar. Hrakandi heilsa þessa aldrada skörungs ýtti undir sögusagnir um að þetta fornfræga félag yrði loks yfirtekið og hækkuðu hlutabréfin því í verði. Ray nokkur Ranson hefur verið í viðræðum við stjórn félagsins um hugsanlega yfirtöku.

En „Deadly“ Doug er kominn aftur til starfa og hefur þetta að segja í skýrslu stjórnarformanns til hluthafa sem fylgir með ársreikningi: „Þegar ég rita þessi orð er ég allur að koma til og hlakka til þess að snúa aftur til starfa.“ Ekki er víst að allir hluthafar og stuðningsmenn Villa hafi fagnað þessum orðum.

Rekstrarreikningur Villa sýndi annars minna tap fyrir síðasta rekstrarár en árið á undan. Tapið var tæpar 300 milljónir króna fyrir skatt og minnkaði um 75 prósent milli ára. - eþa



„DEADLY“ DOUG Heldur utan um stjórnartaumana hjá hinu fornfræga liði Aston Villa og er sakaður um metnaðarleysi.

SÖGUHORNID



SIR FREDDIE LAKER FYRIR FRAMAN EINA FLUGVÉLA SINNA Freddie Laker er frumkvöðull laggjaldaflugfélaga í heiminum. Laker Airways bauð á sínum tíma upp á ferðir milli Bretlands og Bandaríkjanna á þriðjungi þess verðs sem þá tíðkaðist.

Sir Freddie Laker 83 ára

Breski flugmógúllinn Freddie Laker fæddist hinn 6. ágúst 1922 og fagnar því 83 ára afmæli sínu um þessar mundir. Laker var frumkvöðull á sviði laggjaldaflugfélaga og var á árum áður sannkölluð alþýðuhetja í Bretlandi.

Laker hafði árum saman starfað í flugbransanum í Bretlandi þegar hann ákvað að stofna sitt eigið flugfélag, Laker Airways. Það átti að verða fyrsta laggjaldaflugfélag heims, notaðist eingöngu við notaðar flugvélar og flugmiða var aðeins hægt að kaupa samdægurs auk þess sem ekki var boðið upp á neinar veitingar um borð.

Árið 1973 ákvað Laker að hefja flug milli Bretlands og Bandaríkjanna. Ferðirnar nefndi hann Skytrain og kostaði farmiðinn þriðjunginn af því sem venja var á þessum árum.

Óhætt er að segja að Skytrain-ferðirnar hafi slegið í gegn,

Freddie Laker varð gríðarlega vinsæll meðal almennings og lýsti Margaret Thatcher forsætisráðherra margsinnis aðdáun sinni á Laker. Árið 1973 var Laker aðlaður af drottningunni.

Laker Airways stóð þó ekki lengi undir lágu verði og var tekið til gjaldprotaskipta árið 1982. Svo vinsæll var Sir Freddie meðal almennings að stofnaður var sérstakur styrktarsjóður honum til stuðnings og söfnuðust yfir milljón pund auk þess sem hljómsveitin The Police söng honum til heiðurs. Þá nefndi Sir Richard Branson, eigandi Virgin-flugfélagsins, eina véla sinna The Spirit of Sir Freddie sem útlagst gæti á íslensku sem „Andi Freddie“.

Sir Freddie Laker flutti í kjölfarið til Bahamaeyja og endurreisti Laker Airways, sem nú hefur aðsetur á nokkrum eyjum í Karíbahafi. - jsk

Dýrt verkfall í Finnlandi

Sjö vikna verkfall skógarhöggmanna í Finnlandi ætla að reynast hagkerfið dýrt. Ríkisstjórn landsins hefur greint frá því að verkfallið verði til þess að landsframleiðsla minnki um eitt prósent frá því sem áður hafði verið spáð og að finnska hagkerfið verði af tekjum upp á 120 milljarða króna.



Pappírframleiðsla og skógarhögg eru um átta prósent landsframleiðslu Finna auk þess sem 25 prósent útflutningstekna má rekja til slíkra afurða.

Um fjögur prósent af pappír heimsins eru frá Finnlandi. - jsk

SKÓGARHÖGG Verkfall skógarhöggmanna í Finnlandi kostar finnska hagkerfið 120 milljarða króna.



Tilfinningin fyrir Lincoln er einungis þeirra sem reynt hafa.

LINCOLN



STJÓRNENDUR BANKANNA Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka; Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips; Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka; Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Bankarnir bólgna út

Hagnaður bankanna var 54 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins og hafa þeir aldrei hagnast jafn mikið. Methagnaðinn má rekja til góðra aðstæðna á hlutabréfamarkaði, sem og aukinna þóknana og vaxtatekna. *Dögg Hjaltalín* skoðaði hvað stendur upp úr rekstri bankanna um þessar mundir og hvort hagnaður þeirra muni sífellt aukast.

Hagnaður Íslandsbanka, KB banka og Landsbanka var 54 milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins. Allir bankarnir voru að skila methagnaði og skýrist það í fyrsta lagi af því að allir hafa vaxið mikið, bæði með innri og ytri vexti, og skila því óhjákvæmilega auknum hagnaði samfara auknum tekjum.

Markaðsvirði bankanna hefur aukist mjög hratt á undanföllum tveimur árum en árið 2003 voru Kaupþing og Búnaðarbanki sameinaðir og Landsbankinn einkavæddur.

Geta bankanna til að vaxa hér á landi er takmörkuð og því hafa þeir leitað út fyrir landsteinana. Allir bankarnir hafa að undanfögnu fest kaup á erlendum fjármálafyrirtækjum, bæði á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Mikið starf er því framundan í að samræma reksturinn innan bankanna.

Hlutabréfaverð hefur hækkað mikið sem skilar sér í auknum hagnaði bankanna. Einnig hafa þeir verið að selja eignir. Íslandsbanki seldi til að mynda Sjóvá nýlega og KB banki hefur selt hluta í VÍS.

MIKILL GENGISHAGNAÐUR

Samanlagður gengishagnaður bankanna er rúmlega 36 milljarðar króna og er gengishagnaður KB banka helmingurinn af því. Gengishagnaður er fyrst og fremst tilkominn vegna hækkunar á gengi hlutabréfa sem bankinn á í öðrum fyrirtækjum. Innan gengishagnaðs flokkast svo einnig arður af hlutabréfum, hagnaður af afleiðum og hagnaður af gjald-

eyrisviðskiptum. Ört stækkandi hluti innan bankanna er svokölluð fjárfestingabankastarfsemi en hún felst í því að kaupa í óskræðum félögum og skrá þau svo á markað með hagnaði.

Bankarnir hafa löngum verið gagnrýndir fyrir hversu miklar eignir þeirra lögju á innlendum hlutabréfamarkaði og virðast bankarnir mjög misjafnir hvað þetta varðar.

ÞÓKNANATEKJUR VAXA

Eins og sést á stöplartínu hér til hliðar eru tekjur bankanna frá mörgum mismunandi sviðum. Bankarnir skilgreina afkomusvið sín ólíkt og því er skipting tekna miðuð við hvernig hver banki setur fram afkomusvið sín.

Einingis lítill hluti tekna bankanna kemur frá viðskiptabankasviði en áður komu tekjur bankanna nánast eingöngu frá þeirri starfsemi.

Bankarnir hafa einnig verið að auka mikið þjónustu við einstaklinga og bjóða upp á allskyns gerðir af lánunum. Einnig eiga bankarnir fjármögnunarfyrirtæki á borð við Glitni og SP Fjármögnun sem lána til bílakaupa og annarra vélakaupa.

ÓTRÚLEG FJÖLGUN EIGNA

Heildareignir bankanna nema 4.400 milljörðum króna og hafa vaxið gífurlega að undanfögnu. Helstu eignir bankanna eru útlán til viðskiptavina þeirra. Áður voru efnahags-

reikningar bankanna einfaldari og samanstóðu að stærstum hluta af innlánunum frá viðskiptavinum annars vegar og útlánunum hins vegar. Einnig eiga bankarnir umtalsvert af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum eignum sem auðvelt er að koma í verð. Eignir bankanna hafa aukist mikið með kaupum þeirra erlendis, til að mynda voru eignir FIH bankans í Danmörku um 800 milljarðar króna en það voru að mestu lán til íbúðakaupa.

Útlánasöfnin hafa vaxið að mestu erlendis að undanfögnu en hér á landi er mesti vöxturinn vegna íbúðalána.

Bankarnir hafa margfaldast að markaðsvirði en samanlagt markaðsvirði bankanna fjögurra nemur 800 milljörðum króna eða sem nemur þjóðarframleiðslu Íslands á ári.

BJART FRAMUNAN

Uppgjör bankanna sýna að vöxtur þeirra hefur ekki orðið á kostnað arðsemi og flest virðist ganga þeim í hag um þessar mundir. Gengishagnaður vegur þó ennþá mjög þungt í hagnaði bankanna en aðrir tekjustofnar bankanna skila einnig auknum hagnaði. Erlend starfsemi bankanna hefur verið styrkt mikið, bæði með mikilli aukningu lána, fyrirtækjaværfekna og annarrar þjónustu.

Vaxtatekjur bankanna aukast sífellt í takt við útlán þeirra en þó drógust vaxtatekjur KB banka saman milli fyrsta og annars ársfjórðungs vegna minni verðbólgu.


Tekjur bankanna vegna erlendra starfsemi aukast sífellt og eru nú tekjur KB banka 70 prósent erlendis frá. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segir stefnt að því að tekjur á Íslandi verði einungis 20 prósent af tekjum bankans í lok ársins.

Ekki er hægt að búast áfram við hagnaði í líkingu við þann hagnað sem bankarnir hafa verið að skila að undanfögnu nema með enn frekari stækkun. Markaðsaðstæður banka og fjármálafyrirtækja hafa verið eins og best verður á kosið. Einnig hafa bankarnir verið að selja ýmsar eignir með góðum hagnaði. Bankarnir hafa dágott svigrúm til að stækka enn frekar og má því búast við einhverjum frekari kaupum á næstunni.

HELSTU STÆRÐIR BANKANNA FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS – Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

	Íslandsbanki	KB banki	Landsbanki	Straumur
Hreinar vaxtatekjur	10,1	13,7	9,4	0,3
Þjónustutekjur	3,9	9,4	7,6	0,6
Gengismunur	3,2	18,6	6,1	8,6
Hagnaður	10,6	24,8	11,1	7,6
Hagnaður á hlut	0,83	37,9	1,33	1,33
Arðsemi eigin fjár	37%	36%	56%	22%
Eigið fé	77	170	59	46
Heildareignir	1.335	1.899	1.022	121
Innlán til viðskiptavina	321	234	263	
Útlán	1.111	1.365	828	
Markaðsvirði	183	369	171	77
Medalstöðugildi	1.259	1.692	1.294	23

HAGNAÐUR BANKANNA EFTIR AFKOMUSVIÐUM



ÚTVEIÐINGAR **ÚTVÖRÞ** **HLJÓMBORÐ** **BÍLMAGNARAR** **BÍLTÆKI** **HÁTALARAR** **BÍLHÁTALARAR** **FERÐATÆKI** **HEYRNARTÓL** **HÁTALARAR** **SJÓNVARPSTÆKI** **FERÐATÆKI** **MYNDAVÉLAR** **LCD SJÓNVÖRÞ** **DVD SPILARAR** **PLASMA SJÓNVÖRÞ** **ELDÁVÉLAR** **ÍSÞKÁÞAR** **MP3 SPILARAR** **ÞVOTTAVÉLAR** **ÖRÞYLGÞUOFNAR** **KAFFIVÉLAR**

ÚTRISA ÚTSALA

MEIRA EN 500 VÖRÞTEÞUNDIR MEÞ ÓÞRÞLEGUM AFÞLÆTTI

ALLT AÞ 75% AFÞLÁTTUR

ÞVOTTAVÉLAR **HRÆRIVÉLAR** **SAMÞOKUGRILL**
STRAUÞÁRN **VÖÞLUÞÁRN** **RYKSÞUR**
ÞLANDARAR **ÞRÁÞLAUSIR ÞÍMAR**
ÞREIKNIVÉLAR **HÁÞAR**
ÞRAKVÉLAR

HLJÓMBORÞ með allt að 40% afÞlætti
ÞOTTAR og ÞÖNNUR með 30% afÞlætti
KAFFIVÉLAR, STRAUÞÁRN, BRAUÞRISTAR
og fleiri smáÞeki – verð frá kr. 995
Philips HEIMABIÓ frá kr. 19.995
– allt að 56% afÞláttur
Philips SJÓNÞÖRÞ með miklum afÞlætti

NOKKUR VERÞÐÆMI

Casio 5 milljón punkta MYNDAVÉL: Áður kr. 29.995 – Nú kr. 17.995
Whirlpool 180sm KÆLISKÁÞUR: Áður 59.995 – Nú kr. 44.995
Beko 144cm KÆLIR og FRYSTIR: Áður kr. 44.995 – Nú kr. 29.995
Nad KRAFTMAGNARI: Áður kr. 74.995 – Nú kr. 44.995
Philips Nike MP3 SPILARI: Áður kr. 24.995 – Nú kr. 14.995

TAKMARKAÞ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

OPÞÞ LAUGARÞAGA 10-16



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • ÞÍMI 569 1500 • www.ht.is

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exþo
 ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost indesit VESTFRÖST Whirlpool

Erlendir fjárfestar óttuðu

Kaupendur Símans skrifa undir kaupsamning í Þjóðmenningarhúsinu á föstudaginn. Eftir að Samkeppniseftirlit hefur afgreitt málið frá sér reiða þeir fram 66,7 milljarða króna fyrir fyrirtækið og fá hlutabréf ríkisins afhent. Þrátt fyrir að bjóðendur hafi þurft að gera einkavæðingarnefnd grein fyrir framtíðarsýn sinn varðandi rekstur Símans næstu fimm árin segir Björgvin Guðmundsson óljóst hvort sú sýn verði gerð opinber.

„Þetta er búið að vera langt og strangt ferli hjá okkur í sambandi við sölu á Símanum,“ segir Jón Sveinsson formaður einkavæðingarnefndar, eftir að ljóst er að ríkið fær greidda 66,7 milljarða króna fyrir hlut sinn í Símanum. Hann minnir á að þetta ferli hafi staðið yfir með hléum frá árinu 2001. „Þá var fundið að því verði sem ríkið vildi fá fyrir fyrirtækið og það sagt of hátt. Í ljósi þeirra tilboða sem við fengum hljóta allir að sjá nú að það var rétt ákvörðun á þeim tíma að selja fyrirtækið ekki á lægra verði en menn höfðu einsett sér á þeim tíma. Þær fjárupphæðir sem hér er um að ræða eru að mati nefndarinnar góðar, það er að segja hvað varðar hæsta tilboð sem hér liggur fyrir.“

Jón segir að í þessu sambandi verður líka að líta til þess að fyrir á þessu ári voru 6,3 milljarðar króna teknir út úr Símanum sem arður. Fjármunirnir sem komi í ríkissjóð í þessu sambandi séu því mjög miklir eða um 73 milljarðar króna. Hann voni að hægt verði að ráðstafa þeim fjárumunum með farsælum hætti.

ÓVISS UM TILBOÐIN

„Enginn vissi nákvæmlega hvað upp úr umslögunum kæmi. Það hafa verið nefndar tölur á bilinu 40 til 70 milljarðar króna. Það eru ekki tölur frá nefndinni komnar. Eina viðmiðin sem við höfum getað haft í þessu efni er auðvitað salan frá 2001 og það verðmat sem lagt var til grundvallar á þeim tíma. Með því að framreikna það til dagsins í dag þá sjá allir að þessi tilboð sem komu núna, og sérstaklega hæsta tilboðið, eru vel yfir því. Í ljósi þess hlýtur það að vera mjög ásættanlegt fyrir nefndina að slíkt tilboð skyldi berast,“ segir Jón.

Einkavæðingarnefnd áskildi sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Jón segir hugmyndir um lágmarksupphæð hafa verið ræddar innan nefndarinnar. Hins vegar var ákveðið að fresta þeirri umræðu þangað til nefndarmenn stæðu frammi fyrir lélegu tilboði. Enginn hafi þó verið svo svart-sýnn að reikna með að sú staða kæmi upp. Markaðurinn á Íslandi sé sterkur og fyrirtæki hér innanlands orðin gríðarlega öflug og kannski djarfari en erlend fyrirtæki.

FRAMTÍÐARSÝNIN ENN ÓOPINBER

Í gögnunum sem komu inn, sérstaklega með óbindandi tilboðunum, kom lýsing bjóðenda á framtíðarsýn Símans og stefnumarkmiðum; hvernig þeir hyggðust uppfylla markmið ríkisstjórnarinnar í því sambandi. Var meðal annars horft til hugmynda varðandi rekstur Símans, starfsmannastefnu og þjónustu í

þéttbýli og dreifbýli næstu fimm árin.

„Það er út af fyrir sig ekki gert ráð fyrir því að þessi gögn verði birt sérstaklega nema kaupandinn og seljandinn komi sér saman um það eftir gerð kaupsamningsins. Það er ekki búið að setjast yfir það hvaða atriði það eru sem birt verða á þeim tímamarki, en ég held að það sé ekki raunhæft að gera ráð fyrir neinni umfjöllun sérstaklega af hálfu nefndarinnar eða ríkisins, að minnsta kosti fyrir en samningurinn hefur

verið gerður og væntanlega ekki fyrir en kaupin hafa endanlega átt sér stað. Kaupin hafa náttúrlega endanlega ekki átt sér stað fyrir en greiðsla hefur borist og afhending hlutarins. Þá þurfa aðilar í ljósi trúnaðar og annars að koma sér saman um hvað það verður nákvæmlega úr kaupsamningi og öðrum gögnum sem þeir birta þá sameiginlega,“ segir Jón.

„Það var reynt af okkar hálfu að meta alveg sérstaklega þegar við fórum yfir gögnin hvort þeirra framtíðarsýn félli að þeim áformum ríkisins, sem ríkið hafði sett sér. Okkar niðurstaða var sú að allir þeir matskennu þættir sem haldið var frá verðinu hefðu verið uppfylltir hjá þessum aðilum sem buðu.“

ÓTTUÐUST HÁTT VERÐ

„Ég verð þó að viðurkenna að við skynjuðum fljótt að erlendu fjárfestarnir óttuðust, svo ég noti það orð, að íslensku fjárfestarnir gengu lengra í því að bjóða hátt verð fyrir þetta fyrirtæki heldur en þeir væru tilbúnir til. Þess vegna hafa þeir kannski ekki lagt í kostnaðinn og fyrirhöfnina sem fylgir því að fara í gegnum þetta ferli alveg frá upphafi til enda. Það kostar auðvitað töluvert fé að gera það. Að því leyttinu til var kannski auðveldara fyrir innlendu aðilana að taka þátt í þessu og fylgja þessu til enda heldur en fyrir erlendu aðilana. Þetta er ein skýringin,“ segir Jón aðspurður af hverju enginn erlendur aðili var þátttakandi í tilboði í Símanum.

Ljóst var 25. maí að fjórtán erlendir aðilar fengu að halda áfram í tilboðsferlinu, annað hvort einir, nokkrir saman eða með íslenskum samstarfsaðilum.

„Önnur skýringin kann að vera sú að fyrirtækið er einfaldlega ekki nógu stórt fyrir stóra erlenda fjárfestingasjóði. Og síðan kannski í þriðja lagi þá gætu takmarkanir sem við settum varðandi eignarhaldið, eins og 45 prósentu reglan, hafa haft áhrif á þá líka því eignarhluturinn minnkar við að setja þá reglu,“ útskýrir Jón, en enginn mátti kaupa meira en 45 prósent í Símanum.

SAMKEPPNISEFTIRLIT Í MÁLIÐ

Á föstudaginn verður skrifað undir kaupsamninginn, sem bjóðendur hafa þegar áritað, í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Þar sem hann er tilbúinn í öllum meginatriðum tekur lokafrágangur hans ekki langan tíma.

„Samhliða því gera lög um samkeppniseftirlit ráð fyrir því að kaupandinn verði að senda inn til samkeppnisyfivalda tilkynningu um kaupin. Samkeppniseftirlitið tekur þau til sérstakar skoðunar og kannar hvort einhver samkeppnissjónarmið þurfa að koma þar til sérstakar skoðunar. Við í nefndinni, ásamt okkar lögmönnum, höfum kannað það sérstaklega og teljum að ekki sé mikil ástæða til að halda að það tefji málið mjög. En samkeppniseftirlitið hefur samkvæmt lögum rétt til þess að fara yfir þá hluti og gera sínar atvagasemdir ef þannig atvikast. Ég á ekki beinlínis von á því að það gerist,“ segir Jón.



BERTRAND KAN RÁÐGJAFI MORGAN STANLEY Söluferlið var agað, vel skipulagt og gagnsætt, segir Bertrand.

Skólabókardæmi um einkavæðingu

„Sala Símans er eins nálægt því og hægt er að vera skólabókardæmi um einkavæðingu,“ segir Bertrand Kan, annar af tveimur ráðgjöfum breska fjármálafyrirtækisins Morgan Stanley, sem var einkavæðingarnefnd til ráðgjafar. Hann hafi tekið þátt í þó nokkrum sambærilegum verkefnum og alltaf sé erfitt að spá um fyrir fram hvernig til muni takast.

„Ferlið hefur verið mjög agað, vel skipulagt, gagnsætt og jafnræðis var gætt milli væntanlegra tilboðsgjafa. Ég tel að þetta hafi verið mjög vel heppnað,“ segir Bertrand og bendir á í

því sambandi að staðið hafi verið við allar helstu tímasetningar, sem ákveðnar voru fyrir hálfu ári. „Það er mjög óvenjulegt,“ bætir hann við og einkavæðingarnefnd hafi unnið vel að þessu verkefni. Nefndarmenn hafi verið raunsærir, einbeittir og tekið réttar ákvarðanir á réttum tíma.

Aðspurður hvort það sé algengt annars staðar í heiminum að hæstbjóðandi kaupin opinbert fyrirtæki eins og í tilviki Símans, segir Bertrand það mikilvægt ef ferlið eigi að vera gagnsætt. „Það sem gerir þessi viðskipti óvenjuleg er að okkur tókst

að semja um öll önnur atriði áður en tilboð voru opnuð. Það er eitt að láta verð ráða og annað að eiga eftir að semja um ákveðin atriði. Í slíkum samningaviðræðum þarf að taka tillit til margra þátta sem getur tekið langan tíma. En við sölu Símans sömduðum við um þessi atriði fyrir fram, sem er hægt ef hagsmunirnir eru miklir og bjóðendur nokkrir.“

Bertrand segist ekki hafa verið hissa hversu hátt verð fékkst fyrir Símann. Ríkisstjórnin geti mjög vel við unað. Mörg tækifæri liggja í rekstri fyrirtækisins sem kaupendurnir geti unnið að.

Hæsta boð 66,7 milljarðar króna

Skipti ehf., sem í eru:

Exista ehf.	45%
Kaupþing banki hf.	30%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	8,25%
Gildi - lífeyrissjóður	8,25%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	2,25%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	2,25%
MP Fjárfestingarbanki hf.	2%
Skúli Þorvaldsson	2%

Næsthæsta boð 60 milljarðar króna

Símstöðin ehf., sem í eru:

Burðarás hf.	45%
Kaupfélag Eyfirðinga svf.	7,86%
Ólafur Jóhann Ólafsson.	23,56%
Talsímafélagið ehf.*	11,79%
Tryggingamiðstöðin hf.	11,79%

* Félag í eigu Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona Hægkaupsbræðra, Ingimundar Sigfússonar fyrrum sendiherra, Bolla Kristínssonar í 17, og Arnars Bjarnasonar rekstrarhagfræðings.

Lægsta boð 54,7 milljarðar króna

Nýja símafélagið ehf., sem í eru:

Atorka Group ehf.	38,4%
Jón og Sturla Snorrasonir	28,8%
Jón Helgi Guðmundsson	28,8%
Frosti Bergsson	4%

SÖLUFERLI SÍMANS

21. mars	Einkavæðingarnefnd fær umboð til að selja Símann
4. apríl	Sala Símans fyrst kynnt af einkavæðingarnefnd
8. apríl	Fyrstu trúnaðarsamningar afhentir fjárfestum
19. apríl	Leyfileg eignatengsl fjárfesta skilgreind
27. apríl	Ákveðið að birta ráðgjafaskýrslu Morgan Stanley
6. maí	Upphaflegur frestur til að skila óbindandi tilboðum
17. maí	Frestur til að skila inn óbindandi tilboðum rennur út
18. maí	Nánari útfærsla á söluferli Símans gerð skil í Markaðinum
25. maí	Tólf af fjórtán fjárfestahópum halda áfram í söluferlinu
6. júní	Gagnaherbergi Símans opnað fyrstu fjárfestingunum
29. júní	Búið að afhenda fjárfestingu drög að kaupsamningi
13. júlí	Fjárfestar gera grein fyrir samstarfsaðilum
20. júlí	Markaðurinn segir að erlendir fjárfestar skili ekki tilboði
28. júlí	Bindandi tilboð í Símann opnuð á Hótel Nordica
5. ágúst	Stefnt að undirritun kaupsamnings

st hátt verð



Fréttablaðið/GVA

JÓN SVEINSSON, FORMAÐUR EINKAVÆÐINGARNEFNAR, OPNAR SÍÐASTA TILBOÐIÐ SEM JAFNFRAMT VAR ÞAÐ HÆSTA „Enginn vissi nákvæmlega hvað upp úr umslögunum kæmi,” segir Jón Sveinsson. Hann segir verðið mjög ásatnanlegt fyrir eigandann, ríkið, sem hafi fengið um 73 milljarða króna í kassann í tengslum við einkavæðingu Símanum.

„Hin endanlega greiðsla og afhending hlutarins af hálfu ríkisins getur því ekki farið fram fyrir en niðurstaða Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir. En eins og við sjáum það

fyrir í nefndinni teljum við að sú niðurstaða ætti að geta legið fyrir um miðjan eða síðari hluta ágúst mánaðar. Það er þó alfarið undir Samkeppniseftirlitinu komið hvað þeir vinna

hratt í því að skila sinni niðurstöðu varðandi þá tilkynningu,” bætir Jón við.

ÁNÆGÐIR RÁÐHERRAR

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að fyrst og fremst styrki sala Símanum stöðu ríkissjóðs til lengri tíma litið og geri hann öflugri til þess að takast á við þau viðfangsefni sem við blasi á sviði velferðar- og samfélagsmála. „Við flýtum okkur ekki að eyða þessum peningum. Gerð verður áætlun um það fram í tíman hvernig að því verður staðið. Það liggur alveg ljóst fyrir að eftir þessa sölu getum við gert hluti sem við annars hefðum ekki getað gert á sviði samgöngumála, heilbrigðismála, á sviði atvinnuþróunar og annarra mikilvægra samfélagsmála.“ Halldór vill ekki nefna einstök verkefni á þessu stigi málsins.

Það sem stjórnarþingmenn hafa nefnt í opinberri umræðu um ráðstöfun söluhagnaðar af Símanum, er bygging hátækisjúkrahúss, gerð jarðgangna á Norðurlandi, aðrar vegfrankvæmdir og svo niðurgreiðslu skulda.

Geir Haarde fjármálaráðherra kveðst ánægður með vel heppnað söluferli og segir til fyrirmyndar hvernig að því var staðið. Enda þótt aðeins þrjú aðilar hafi á endanum boðið í Símann sé meiri fjöldi á bak við tilbóðin þrjú. „Það að verðið skuli vera svona hátt sýnir hversu öflugt og gott þetta fyrirtæki er. Ég vonast til þess að það haldi áfram að dafna í höndum nýrra eigenda.“

TAKA MATSKENNDU ÞÆTTI ÚT

Jón Sveinsson segir ekki gott að segja til um það hvort sama söluferlið verði alltaf notað við einkavæðingu opinberra fyrirtækja. „Það er breytilegt hvaða aðferð er notuð hverju sinni. En út af fyrir sig má segja að mjög æskilegt sé að taka þessa matskenndu þætti út úr svona ferli fyrst og vera ekki að blanda þeim saman við verðið. Það var ákvörðun sem við tókum snemma í þessu ferli. Ég fyrir mitt leyti verð að segja að sú aðferð er mjög heppileg og góð. Síðan hlýtur að koma til álita í öðrum tilvikum að setja hluti ríkisins í hlutafélögum inn á almennan markað í útboði til almennings. Það er líka háttur sem hlýtur að koma til skoðunar í þessu sambandi - hvort skynsamlegt sé að fara þá leiðina eða selja hluti í ríkisfyrirtækjum í stórum skömmtum eða heilu lagi,” segir formaður einkavæðingarnefnar.



Útboð til almennings ótímasett

„Við viljum ekki tjá okkur um það. Það er eigandans að upplýsa það nákvæmlega, þegar kaupin eru endanlega frágengin, hvernig hann hyggst fara í þá þætti,” segir Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefnar, aðspurður hvenær og á hvaða verði almenningsur fær að kaupa hlutabréf í Símanum.

Kaupendum Símanum er skylt að bjóða „almenningsur og öðrum fjárfestum“ þrjátíu prósent hlut í fyrirtækinu fyrir árslok 2007. Þá á að skrá félagið í Kauphöll Íslands.

Fjárfestahópurinn sem Burðarás leiddi hafði skuldbundið sig til að selja almenningsur þessu þrjátíu prósent á sama gengi og hópurinn myndi kaupa Símann á. Átti að gera það innan sex mánaða frá því að kaupin gengju í gegn. Var samningur um þetta efni gerður við Almennings ehf. sem Agnes Bragadóttir og Orri Vigfússon voru í forsvari fyrir. Vildu þau tryggja aðkomu almenningsur að sölu Símanum og ætluðu stóru fjárfestarnir að greiða kostnað við útboðið.

Exista, KB banki og fleiri fjárfestar, sem buðu hæst í Símann, hafa ekki skuldbundið sig til þess sama. Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Exista, hefur ekki viljað segja hvenær og á hvaða gengi almenningsur fær að kaupa þennan hlut. Það eina sem liggur fyrir er að hlutur KB banka verður seldur.

Jón Sveinsson vildi ekki upplýsa hvort yfirlýsing um þetta lægi fyrir milli kaupanda og seljanda. „Þeir verða að svara því frekar hvaða tímasetningu þeir velja sér í þessu sambandi; hvort það gerist fljótlega eða hvort að menn dragi það,” sagði Jón.



LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNI Bræðurnir úr Bakkavör, sem ráða yfir Exista, eignast stærsta hlutann í Símanum.

Exista og KB banki tengdir aðilar

Ef skilyrði einkavæðingarnefnar um leyfileg eignatengsl kaupenda Símanum eru skoðuð kemur í ljós að Exista og KB banki virðast tengdir aðilar samkvæmt skilgreiningu nefndarinnar. Tengjast félögin í gegnum stjórn VÍS. Því mega þessir aðilar, samkvæmt þeim reglum sem settar voru um einkavæðingu Símanum, ekki eiga samanlagt meira en 45 prósent í fyrirtækinu. Samkvæmt kauptilboðinu fara þessi félög hins vegar með 75 prósent í Símanum eftir að kaupin ganga í gegn.

Lýður Guðmundsson,

stjórnarformaður Exista, og Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Exista, sitja báðir í stjórn VÍS. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, situr einnig í stjórn VÍS, en þar að auki er forstjóri VÍS Finnur Ingólfsson í stjórn KB banka.

Þetta virðist brjóta í bága við reglur 1(b) og 1(d) í kafla I. í skilgreiningu einkavæðingarnefnar um tengda aðila. Samkvæmt reglu 1(b) eru tveir aðilar tengdir ef þeir deila fleiri en einum stjórnanda, það er framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni. Á þann máta er Ex-

ista tengt VÍS vegna Lýðs og Erlends og KB banki tengdur VÍS vegna Hreiðars og Finns. Regla 1(d) segir svo að ef tveir aðilar eru tengdir sama félagi samkvæmt reglu 1(b), teljist þeir einnig tengdir. Þannig tengjast Exista og KB banki í gegnum VÍS.

Aðspurður um þetta segir Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefnar, að yfirlýsingar um úrsögn manna úr stjórnnum liggja fyrir án þess að útskýra það frekar. Af því verði þó ekki fyrir eftir að kaupin eru gengin í gegn.

AURASÁLIN

Stórgróðafyrirtæki leyst upp

Það er ekki á hverjum degi sem þrjú íslensk stórfyrirtæki sameinast í tvö íslensk stórfyrirtæki en það var þó það sem gerðist nú um helgina þegar Straumur, Burðarás og Landsbankinn sameinuðust í Straum - Burðarás og Landsbankinn. Fyrir venjulegt fólk kann þetta ekki að vekja mikla forvitni enda vita mjög fáir hvað Straumur og Burðarás gera. Flestir vita hins vegar að Landsbankinn er venjulegur íslenskur banki.

Í síðustu viku fjallaði Aurasálin um uppgjör Burðarás og reyndi að útskýra fyrir lesendum í hverju starfsemi fyrirtækisins fælist. Svo virðist sem stjórnendur og eigendur Burðarás hafi lesið Aurasálin í síðustu viku og fengið samvisku-bit yfir gróðanum og ákveðið í kjölfarið að leysa fyrirtækið upp. Þetta er jákvæð niðurstaða í augum Aurasálarinnar. Hin óhóflegi hagnaður sem Burðarás sýndi á fyrri helmingi ársins var ekki siðferðislega verjandi.

Nú verður fróðlegt að sjá hvort aðrir stjórnendur stórgróðafyrirtækja á Íslandi fylgi forðæmi Björgólfs Thors og leysi upp fyrirtæki sín í kjölfar afsagróða á fyrri helmingi þessa árs. Að mati Aurasálarinnar er líklegt að stjórnendur viðskiptabankanna, KB banka, Landsbanka og Íslandsbanka skoði alvarlega þann möguleika að leggja niður starfsemina og láta staðar numið. Ólíklegt er að þjóð og þing hafi áhuga á því að horfa upp á áframhaldandi gróðabrásk bankanna og svokallaða útrás. Einhvernt tímátt hlýtur að vera komið nóg og í tilfelli Burðarás var bersýnilega komið að þeim tímamótum.

Aurasálin hefur nokkra sinni vikið að áhrifum sínum í íslensku viðskiptalífi og hafa sumir lesendur ályktað sem svo að um einhvers konar grín hafi verið að ræða. Upplausn Burðarás, eftir ábendingu Aurasálarinnar í síðustu viku, ætti hins vegar að taka af öll tvímæli um það að viðskiptalífið hlustar eftir því sem Aurasálin hefur að segja.

Líklegt er að Straumur verði næsta fyrirtæki sem leyst verður upp sökum afsagróða. Aurasálin þökkir ágætlega til bæði forstjórans og stjórnarformannsins. Þeir eru báðir högværir landsbyggðarmenn að upplagi og þökkja því sín takmörk og þölmörk íslensku þjóðarinnar mun betur en flestir aðrir í íslensku viðskiptalífi.

Peir Þórður Már og Magnús Kristinsson leita nú vafalaust leiða til þess að leysa fyrirtækið upp og vill Aurasálin leyfa sér að koma með uppástungu sem ætti að vera þeim tveimur að skapi. Fyrir verðmæti Straums ætti að fást nægur peningur til að hefja löngu nauðsynlegar framkvæmdir við jarðgöng til Vestmannaeyja. Líklegt er að forysta Straums leggi áherslu á að göngin auðveldi samgöngur sem mest og er líklegt að göngin nái alla leið upp á Skipaskaga.

Viðskiptalífið losnaði úr fjötrum

Benedikt Sveinsson er framlinumaður í íslensku viðskiptasögu og bar um skeið ábyrgð á stærstu fyrirtækjum landsins. Hann dró sig hægt og bitandi í hlé og hefur nú tíma til að stunda áhugamálin og að sinna barnabörnunum sem sækja stíft í félagsskap hans. Hafliði Helgason fékk sér hádegisverð með Benedikt og ræddi meðal annars breytingar í íslensku viðskiptaumhverfi.

Benedikt Sveinsson var um árabíl einn áhrifamesti maðurinn í íslensku viðskiptalífi. Hann gegndi stjórnarformennsku í Sjóvá sem var höfuðvígi fjölskyldu hans, auk þess að marka stefnuna í Eimskipafélaginu sem stjórnarformaður og í Flugleiðum sem stjórnarmaður.

Stjórnsmál voru einnig starfsvettvangur Benedikts, en hann leiddi starf Sjálfstæðismanna í Garðabæ. Hann átti hvorki langt að sækja áhuga á viðskiptum né á stjórnsmálum. Faðir hans, Sveinn Benediktsson, var umsvifamikill í viðskiptum og fæðubróðir hans, Bjarni Benediktsson, var leiðtogi Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra. Það að Benedikt yrði áberandi á báðum þessum sviðum þjóðlífsins átti því ekki að koma á óvart.

Faðir hans var síldarsaltandi og Benedikt komst snemma í tæri við þá brigðulu skepnu síldina. „Ég var part úr sumri, sjö sumur, á Raufarhöfn og svo seinna á Seyðisfirði. Ég náði því að verða síldarmatsmaður. Það voru miklar sveiflur í þessum rekstri, eins og er í sjávarútvegi.“

Síminn hringir hjá Benedikt. „Já, já vinurinn,“ segir hann í símann. „Þetta var eitt barnabarnið. Hann vill koma með okkur í sveitina.“ Þau hjónin eru með bústað við Þingvallavatn. Ég spyr hvort þau séu þar mikið. „Alltof lítið,“ svarar Benedikt.

RÍKISSTJÓRNIN BREYTTI MIKLUR

Eimskipafélag Íslands var verðmætasta félagið á verðbréfamarkaði þegar vísir að honum varð til fyrir seinni hluta níunda áratugarins.

„Fram að því gengu hlutabréf ekki mikið kaupum og solum. Menn bara áttu þetta. Eimskipafélagið var forystufélag sem almenningshlutafélag með marga hluthafa.“

Síðan fyrsti vísir hlutabréfamarkaðar varð til hefur mikið vatn runnið til sjávar. „Viðskiptaumhverfið gjörbreyttist með ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Fyrst með Alþýðuflokk og síðan með Framsóknarflokk. Þessar ríkisstjórnir hafa gjörbreytt öllu umhverfinu. Inngangan í EES er stórmál fyrir Íslendinga og losaði um höft í atvinnulífinu. Íslenskt atvinnulíf var leyst úr álögum,“ segir Benedikt og bætir við að tekið hafi verið á miðstýringu og sjóðasukki í atvinnulífinu.

Eimskipafélagið varði hagnaði sínum í að fjárfesta í öðrum atvinnurekstri og var stundum fyrir vikið sakað um að bera víðar niður en gott þótti. Lagaumhverfi gerði það hins vegar að verum að fyrirtæki áttu í mesta basli með að koma hagnaði til hluthafa sinna. „Það var allt mjög óhagstætt,“ segir Benedikt. „Andrúmsloftið var líka þannig að það var nánast skammarlegt ef fyrirtæki skiluðu hagnaði. Það var hreint ekkert einfalt að reka fyrirtæki í því umhverfi. Skattlagning var há og það þurfti leyfi fyrir öllum sköpuðum hlutum. Það var ekki hægt að taka erlent lán, nema með leyfi lánanefnda. Stjórnvöld hafa losað um þetta og selt ríkisbanka. Allt er þetta til bóta.“ Benedikt segir að það hafi einnig ráðið viðhorfum við fjárfestingu í öðrum atvinnurekstri að Eimskipafélagið hafi litið til þjóðfélagslegrar stöðu sinnar og talið sér skylt að stuðla að uppbyggingu í samfélaginu. „Félagið var mjög framfarasinn og þótt það væri alltaf stefnt að

Andrúmsloftið var líka þannig að það var nánast skammarlegt ef fyrirtæki skiluðu hagnaði. Það var hreint ekkert einfalt að reka fyrirtæki í því umhverfi.



EKKI ALVEG HÆTTUR Benedikt Sveinsson er enn stór eigandi í Íslandsbanka, en skiptir sér lítið af málefnum þar. Hann hefur að mestu dregið sig út úr stjórnum fyrirtækja þar sem hann var áberandi um árabíl, en fjárfesti þó í Bílanausti sem hann segir fyrirtæki sem stangi fyrir sínu.

góðri afkomu þá var lítið til fleiri þátta þegar stefnan var mótuð.“

STERKUR BAKHJARN

Benedikt segir að menn geti haft mismunandi skoðanir á því hvernig var staðið að einkavæðingu í hverju tilviki fyrir sig. „Við sölu bankanna hafa losnað úr fjötrum miklir kraftar. Við sjáum hvernig þjóðfélagið er. Hér er nú fjöldinn allur af ungu og velmenntuðu fólki sem sækir fram. Svona breytingar verða auðvitað aldrei sársaukalausar.“

Ekki fór heldur hjá því að vindar blésu þegar nýrra krafta fór að gæta í viðskiptalífinu. Þær hræringar náðu hápunkti þegar uppskipti urðu á eignarhaldi helstu félaga í atvinnulífinu. Eimskipafélagið hafði byggt upp stórt sjávarútvegsfyrirtæki.

„Nýir eigendur sem eignuðust félögin ákváðu að leysa þau í sundur og selja einingar. Við sem vorum þarna hefðum ekki staðið þannig að málum. Það voru mikil vermæti þarna saman komin,“ segir Benedikt. Hann gerir ekki mikið úr ólífri sýn á rekstrinum. „Það verður bara að koma í ljós hvernig þetta svo gengur.“

Eimskip var bakhjarl annarra félaga í gegnum fjárfestingararminn Burðarás. Marel var fósttrað af félaginu í gegnum uppbyggingarátt þar sem oft blés á móti. „Annað félag sem þurfti sterkan bakhjarl var Flugleiðir. Það var oft tvísýnt í rekstrinum, enda áhætturekstur. Það er merkilegt hversu vel hefur tekist til eins og til dæmis eftir áfallið 11. september. Flugleiðir skiluðu góðum árangri meðan önnur flugfélög áttu í miklum vandræðum. Nýir eigendur hafa nýtt sér þá þekkingu og það traust sem félagið hafði áunnið sér. Það sést

vel til að mynda í flugvélaupum að undanförunu. Boeing hefur átt langt og gott samstarf við Flugleiðir í gegnum tíðina.“

HÆTT Í NOKKRUM SKREFUM

Stjórnsmálin hafa líka sett mikinn svip á starfsævi Benedikts. „Það hefur verið mikill pólitískur áhugi í fjölskyldunni.“ Ég spyr hann hvort hann sjái eftir tengslum stjórnsmála og viðskiptalífs. Það segist hann ekki gera. „Þau voru ekki eins mikil og af var lát. Það var auðvitað ákveðin barátta á milli fyrirtækja Samvinnuhreyfingarinnar og einkafyrirtækjanna. Ég tók svoltinn þátt í því. Svo hrundi Sambandið og það breyttist allt saman. Auðvitað eimdi eitthvað eftir af þessu, en það er miklu minna en það var.“

Benedikt segist ekki hafa fundið fyrir miklum viðbrigðum við að stíga af sviðinu í íslensku viðskiptalífi.

„Ég var búinn að vera að draga mig til baka úr fyrirtækjum í nokkur ár. Hætti í einu fyrirtækinu af öðru.“ Hann er samt ekki alveg hættur, fjárfesti fyrir skemmstu í Bílanausti. „Það er annar kapituli. Ég hef tengst því félagi og þegar hlutur var til sölu leist mér ágætlega á það. Þetta er fyrirtæki sem stendur fyrir sínu.“

Það er oft sagt að menn í erilsömum störfum eigi erfitt með að minnka við sig og hafi ekki sinnt því að byggja upp áhugamál. „Ég held að ég hafi ekki verið neitt sérstaklega vinnusamur,“ segir hann og brosir. „Þannig að þetta var ekki mikið vandamál. Ég hef alltaf haft eitthvað af áhuga-

málum.“ Hann hittir gamla féлага reglulega og spilar brídds og svo er það golfið. „Ég hef verið að spila golf síðustu árin og haft gott af því.“ Konan spilar stundum með honum. „Það mætti samt vera meira.“ Nú þegar meiri tími gefst getur hann lengt tímabilið og spilar á vetrum í Flórída. „Synir mínir hafa líka verið með mér í þessu og svo eru barnabörnin að byrja. Það er gaman að fara með þeim,“ segir Benedikt og bætir við að kvöldið áður hafi hann tekið sonarsoninn með sér, þann sama og vill nú ólmur komast með afa sínum í sveitina.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Benedikt Sveinssyni

lögmanni og fyrrverandi stjórnarformanni Sjóvá og Eimskipafélagsins

Hádegisverður fyrir tvo á Lækjarbrekku

Rístaður lax
Steiktur steinbítur

Drykkir
Vatn, Pilsner, Kaffi
Alls 4.550 krónur



Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • hamarhusid.is

Kókaín truflar rafboð

Aðlögunarhæfni mannsins minnkar við kókaínneyslu með því að trufla rafboð milli tveggja heilastöðva, að því er kemur fram í nýrri bandarískri rannsókn. Er talið að þetta geti skýrt fljótfærnislega hegðun kókaínfíkla.

Vísindamennirnir rannsökuðu tvær heilastöðvar: önnur stýrir minni og úrvinnslu upplýsinga en hin tilfinningum og nautnum. Kom í ljós að meðal kókaínfíkla hafði seinni heilastöðin náð yfirhöndinni svo þeir áttu erfitt með að taka upplýstar ákvarðanir: „Þetta skýrir hvers vegna kókaínfíklar leggja svo mikla áherslu á nautnir á kostnað annarra skynsamlegri hluta,“ sagði Anthony Grace sem leiddi rannsóknina.

Vonast vísindamennirnir til að niðurstöðurnar komi að gagni við meðferð kókaínfíkla. - jsk




KÓKAÍNNEYSLA Bandarískir vísindamenn segjast hafa fundið skýringu á fljótfærnislegri hegðun kókaínfíkla.

Ný japönsk ofurtölva

Japanar hyggjast hanna nýja ofurtölva sem á að vinna 73 sinnum hraðar en sú tölva sem er hröðust í dag. Japanska tækni- og vísindamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkinu og er áætlað að það kosti um 52 milljarða króna.

Hraðasta tölva veraldar er í dag American Blue Gene ofurtölvan sem hönnuð er af IBM tölvurísanum og getur framkvæmt 136,8 billjónir (milljón milljónir) útreikninga á sekúndu.

Talsmaður ráðuneytisins segir að tölvan verði notuð við rannsóknir á uppruna alheimsins og til að mæla áhrif lyfja á mannlíkamann. Áætlað er að tölvan verði tilbúin í mars 2011. - jsk



OFURTÖLVA Japanska ofurtölvan Nec var sú hraðasta í heimi þar til 2002. Japanar hyggjast nú hanna tölva sem vinnur 73 sinnum hraðar en Blue Gene-tölvan, sem nú þykir best.

Maður eða vélmenni?

Hannað hefur verið vélmenni sem sagt er hið raunverulegasta sem búið hefur verið til. Vélmennið getur hreyft sig og blikkað augnlokunum.

Japanskir vísindamenn segjast hafa hannað raunverulegasta vélmenni sem nokkru sinni hefur verið búið til. Vélmennið lítur út eins og kvenmaður og var nefnt Repliee Q1.

Repliee er húðuð silíkoni í stað plasts og búið skynjum og mótorum sem gera henni kleift að hreyfa sig og bregðast við eins og mannvera. Vélmennið getur blikkað augnlokunum, hreyft hendurnar og lítur meira að segja út fyrir að anda.

Prófessor Hiroshi Ishiguru, sem hafði yfirumsjón með þróun Repliee, segir að ekki líði á löngu



Fréttablaðið/AFP

þar til nánast ómögulegt verður að aðgreina vélmenni frá mönnum: „Ég hef hannað mörg vélmenni en ekkert eins raunverulegt og þetta. Útlitið skiptir öllu, ef vélmenni er líkt mannveru verður nærvera þess mjög sterk.“

Prófessor Ishiguru er einn af reyndari mönnum í heiminum þegar kemur að hönnun vélmenna og á mörg slík að baki, hið frægasta er líklega Repliee R1 sem leit út eins og fimm ára stúlkubarn. - jsk

REPLIEE Q1-VÉLMENNIÐ Stúlkukindin Repliee Q1 er sögð raunverulegasta vélmenni sem hannað hefur verið.

Stórtækur tölvuhakkari

Lundúnabúi hakkaði sig inn í 97 tölvur í eigu bandaríska ríkisins.

Bandarísk yfirvöld hafa farið fram á að breskur tölvuhakkari sem braust inn í 97 tölvur í eigu bandaríska ríkisins verði framseldur.

Tölvuhakkariinn Gary McKinnon notaði heimilistölva sína til verksins og er sakaður um að hafa brotist inn 53 tölvur í eigu bandaríska landhersins, 26 tölvur hjá sjóhernum, 16 tölvur bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, eina í eigu flughersins og aðra til hjá bandaríska varnarmálaráðuneytinu.

„Sakborningur nýtti sér veikleika í tölvukerfi bandarískra



Fréttablaðið/AFP

MARK MCKINNON Á LEIÐ Í RÉTTARSAL Bandarísk stjórnvöld hafa farið fram á að tölvuhakkariinn McKinnon verði framseldur til Bandaríkjanna.

yfirvalda og reyndi á yfirvegaðan hátt að hafa áhrif á starfsemi stjórnvalda. Réttast væri að hann yrði framseldur og réttað yfir honum í Bandaríkjunum,“ sagði

Mark Summers, sem fór fyrir hópi bandarískra lögmanna.

Skaðinn sem McKinnon olli með fiktinu er metinn á rúmlega fjörutíu milljónir króna. -jsk

Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



og

vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

MARKAÐURINN

Sögunnar... tölurnar... fólkið...

Áframhaldandi uppstokkun á markaði er afleiðing sölu bankanna.

Kraftur einkavæðingarinnar

Hafliði Helgason

Uppskipting eigna Burðarás, þar sem Landsbankinn og Straumur fjárfestingarbanki taka yfir eignir fyrirtækisins, eru kaflaskil í atburðarás sem hófst með eigendaskiptum í mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Með þessum viðskiptum nú er landslagið í viðskiptalífnum skýrara en áður. Straumur tekur við hlutverki Burðarás og verður sterkur fjárfestingarbanki í kjölfestueign Landsbankans og Björgólfsfeðga. Viðskiptin eru rökrétt framhald af því að Burðarás hefur undanfarn misseri verið að selja eignir sjávarútvegsstöðar Eimskipafélagsins og nú síðast skipafélagið sjálf. Eigendur Landsbankans töldu umtalsverð verðmæti felast í einstökum einingum Eimskipafélagsins og lögðu upp með að innleysa hagnaðinn af þeim. Það hefur tekist.

Á markaði takast á mismunandi sjónarmið um rekstur. Sumir vilja byggja upp heild og hirta lítt um dulinn verðmæti sem í slíkri heild kann að felast. Aðrir eru áfram um að leysa upp félög og selja einingarnar. Hlutabréfamarkaður er ágætur vettvangur fyrir slík skoðanskript og sá sem eignast meirihluta og kaupir sér völd hefur fullan rétt á að marka þá stefnu sem hann getur framfylgt í krafti eignarhlutar síns. Ekki verður annað séð en að hluthafar í Burðarási geti verið sattítt við ávöxtunina hingað til. Framtíðin er hins vegar annað land og hverju svo fram vindur verður að koma í ljós.

Með einkavæðingu bankanna drapst úr dróma mikill innibýrgður kraftur í viðskiptalífnum. Í dag eiga Íslendingar nokkur firmasterk fjármálafyrirtæki sem hafa afl til að sækja fram og styðja vöxt og viðgang atvinnulífsins. Sterk fjármálafyrirtæki eru afar mikilvæg fyrir þjóðina. Stærð og styrkur þeirra getur haft úrslitaáhrif þegar á móti blæs í efnahagsumhverfinu. Auk þess gefa sterk fjármálafyrirtæki tækifæri til nýsköpunar í atvinnulífnum nýti þau styrk sinn til að horfa lengra fram í tímann.

Með viðskiptunum með eignir Burðarás skýrast línur milli viðskiptabankanna. Straumur og Landsbankinn eru í nánú samstarfi. KB banki og Exista starfa saman og Íslandsbanki stofnar á næstunni nýtt fjárfestingarfélag sem tekur við því hlutverki sem Straumur hafði fyrir bankann áður. Þessi félög halda svo áfram að sækja fram á erlendum markaði og breikka enn þann grunn sem íslenskt efnahagslíf stendur á.

Sá styrkur sem nú er í fjármálafyrirtækjum er bein afleiðing þess að ríkið dró sig út úr bankarekstri. Ríkið dró sig í liðinni viku út úr Símarekstri. Þar náðust tvenn góð markmið. Höfuðmarkmiðið sem er að ríkið hætti afskiptum af samkeppnisrekstri og svo hitt að ekki verður betur séð en að ríkið hafi fengið gott verk fyrir eigna. Skynsamlegast er að nýta þá fjármuni sem fengust fyrir Símann til þess að greiða skuldir ríkisins. Núverandi efnahagsástand býður ekki upp á að slíkir fjármunir renni inn í hagkerfið. Það renna örugglega upp tímar þar sem meiri þörf verður fyrir sölu hagnaðinn af Símanum.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haffliði@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is |

Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskyggnin

—sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu



ÆGIS skyggni

- íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfritt efni • endalausir möguleikar
- góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

OPID:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN AEGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

Er þörf á ríkisbanka?

ORD Í BELG

Pórður Pálsson
forstöðumaður
greiningardeildar KB
banka



velli. Í stað þess að ákvarðanir séu teknar af stjórnmálamönnum, fyrir hönd umbjóðenda sinna, eru þær nú teknar af fjármagnseigendum.

Fjármálaþjónusta er líkast til sú atvinnugrein sem einna þjökudust var af ríkisafskiptum hér á landi fram í byrjun 21. aldar. Það er jafnframt sú atvinnugrein þar sem kostir einkavæðingar hafa komið gleggst í ljós. Enda hafa íslenskir bankar á ótrúlega skömmum tíma farið úr því að vera milligönguaðilar um innlán og útlán í það að verða alþjóðleg fjármálafyrirtæki.

Íbúðalán var sú grein fjármálaþjónustu þar sem samkeppni ruddi sér einna síðast til rúms, enda erfitt fyrir bankana að keppa við stofnun sem naut ríkisábyrgðar, var undanþegin skattgreiðslum og lengst af alþjóðlegum reglum um áhættu- stýringu. Áður en bankarnir voru einkavæddir, var vitanlega engri samkeppni til að dreifa enda stjórn Íbúðalánasjóds og forvera hans á sömu hendi og stærstur hluti bankakerfisins. Á meðan ríkið gein yfir öllu var orðið samráð ekki enn orðið skammaryrði. Lækkun vaxtakostnaðar af fasteignalánum í kjölfar þess að bankar rufu einokun ríkisins er vafalítið mesta kjarabót íslenskra heimila á síðastliðnum árum.

Í því liggur vandi Íbúðalánasjóds, almenningur greiddi upp lán hans til að bæta kjör sín. Sjóðurinn gerði ekki ráð fyrir því

að neinn gæti veitt honum samkeppni. Sjóðurinn hafði skipt út uppgreiðanlegu húsbúðum sínum fyrir óuppgreiðanleg íbúðabréf. Hins vegar voru lán sjóðsins áfram uppgreiðanleg. Samkvæmt reglum Íbúðalánasjóds var ekki hægt að endurfjármagna lán sjóðsins á betri kjörum hjá sjóðnum, en það var hins vegar hægt hjá bönknum. Uppgreiðslurnar sem sjóðurinn á því í vandræðum með eru kjarabætur almennings.

Sjóðurinn tapaði þegar hann skipti út húsbúðum fyrir íbúðabréf á of hagstæðum kjörum fyrir fjárfesta og þau mistök sjóðsins verða ekki aftur tekin. Eðlilegast hefði verið að sjóðurinn hefði varið uppgreiðslunum í að kaupa til baka eigin skuldabréf, eins og til að mynda Jón Steinsonn hagfræðingur bendir á í nýlegri grein í vefritinu Deiglan. Þegar Morgunblaðið spurði einn forráðamanna sjóðsins út í þá hugmynd svaraði hann því á þá leið að sjóðurinn hefði tapað á því að fara ekki út í nýja starfsemi heldur kaupa til baka eigin skuldabréf.

Þetta er vitanlega rangt. Sjóðurinn hefði viðurkennt tap sitt með því að kaupa til baka eigin bréf. Sjóðurinn hefði lagað sig að því að þörfin fyrir sjóðinn, hafi hún einhverntíma verið til staðar, hefði minnkað með því að hlýða skilaboðum markaðarins og draga úr umsvifum sínum. Sjóðurinn er ekki að taka til baka rangar ákvarðanir sínar með því að lána 80 milljarða til fjármálafyrirtækja, sem meðal annars hafa verið fjármagnaðir með útgáfu íbúðabréfa fyrir rúma 40 milljarða, heldur einungis að reyna að fela tapið.

Tapið er jafn mikið hjá Íbúðalánasjóði eftir sem áður, sjóðurinn er hins vegar að reyna að vinna það upp með því að endurlána fjármuni sem hann hefur aflað með ríkisábyrgð. Ef það er ásætlanlegt að Íbúðalánasjóður geri þetta, hvers vegna er þá öðrum stofnunum þetta ekki heimilt líka? Ástæðan er vitanlega sú að ef ríkið ábyrgist af mikið af skuldbindingum stofnanna sinna lækkar lánshæfismat ríkisins og þar með hækkar fjármögnunarkostnaður ríkis, fyrirtækja og einstaklinga. Ef ríkisstofnanir eiga hins vegar að fá að fjármagna tap sitt með því að endurlána ríkisryggj fé, væri ekki nær að ríkisstofnun með raunverulegan tilgang, eins og til dæmis Landspítali háskóla- sjúkrahús fengi að gera það frekar en Íbúðalánasjóður?



Það er auðvelt að gleyma því nú þegar vel árar í efnahagslífinu, að markaðshagkerfi er bæði kerfi taps og gróða. Og þar hefur tapið ekki síður mikilvægu hlutverki að gegna en gróðinn.

UM VÍÐA VERÖLD

Valdamesti bankamaður í heimi

Financial Times | Henry Kaufman segist í The Financial Times bíða í ofvæni eftir skipun nýs seðlabankastjóra í Bandaríkjunum. Alan Greenspan, sem sé líklega þekktasti bankastjóri allra tíma, láti af störfum á næsta ári. Spannandi verði að fylgjast með skipunarferlinu og ekki síst viðbrögðum markaða við nýjum manni í brúnni. Kaufman segir að ekki sé hægt að horfa fram hjá því að nýja seðlabankastjórans bíði mikið verk, bæði heima fyrir og ekki síður á alþjóðavettvangi. Hann segir Seðlabankastjóra Bandaríkjanna í rauninni vera yfirmann alþjóðlega fjármálakerfisins, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi ekki nægilega vítt valdsvið og sé íþyngt af mikilli skrifinnsku. Það komi því í hlut Seðlabanka Bandaríkjanna að bregðast við komi upp krísuástand á fjármálamörkuðum.



Hvað nú í Sádi-Arabíu?

BBC | Ben Richardson veltir því fyrir sér á vefsíðu BBC hvað taki við í Sádi-Arabíu eftir fráfall Fahds konungs. Velmegun hafi aldrei verið meiri í landinu en nú, Sádi-Arabar hafi greitt niður erlendar skuldir og hagvöxtur hafi ekki verið meiri í rúm tuttugu ár. Einkavæðing ríkisfyrirtækja sé hafin, átaki gegn atvinnuleysi hafi verið ýtt úr vör, fjármálamarkaðir verið nútímavæddir og erlendar fjárfestingar í landinu aukist. Þá hafi Sádi-Arabar sótt um aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og allar líkur séu á að umsóknin verði samþykkt á næstunni. Því sé hins vegar ekki að neita að Sádi-Arabar reiði sig um of á olíuframleiðslu, það sé í lagi meðan olíuverð sé í hámarki eins og nú en komi þeim um koll áður en langt um líður. Þá sé opinbert atvinnuleysi í landinu nú prósent en líklega séu helmingi fleiri atvinnulausir en opinber gögn sýna. Richardson telur því verkefni næstu ára vera að byggja upp fleiri undirstöðuatvinnuvegi í landinu.



ÚTGÁFUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dógg Hjaltalin, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaffason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEF- FANG: vistir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift í Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Vöruskiptahalli ógnar gengi krónunnar

Í Morgunkornum greiningardeildar Íslandsbanka kemur fram að hallinn á utanríkisviðskiptum landsmanna vaxi hratt um þessar mundir og sé helsta ógnin við hátt gengi krónunnar. Vaxandi einkaneysla og miklar fjárfestingar séu höfuðskýring hallans sem krefst leiðréttingar fyrr eða síðar. Slík leiðrétting eigi að öllum líkindum sér stað með gengislækkun krónunnar sem slær á kaupmátt Íslendinga erlendis og hleypa auknu fjöri í útflutning landsmanna segir í Morgunkornum.

Vöruskipti við útlönd voru neikvæð um 10 milljarða í júní sam-

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

kvæmt tölum Hagstofunnar. Um verulegan halla er að ræða og til samanburðar nam hann 6,5 milljörðum á sama tíma í fyrra á föstu gengi. Innflutningur hefur snaraukist að undanfögnu en útflutningur hefur átt fremur erfitt uppdráttar. Fluttar voru inn vörur fyrir 27 milljarða í júní en það er meira í krónum talið en nokkru sinni áður hefur verið flutt inn í einum mánuði. Útflutningur nam hins vegar 17 milljörðum króna og hefur lítið vaxið að undanfögnu.

Á fyrstu sex mánuðum ársins nam halli á vöruskiptum landsmanna 34,3 milljörðum samanborið við halla upp á 13 milljarða á sama tíma í fyrra og því hefur verið neikvæður viðsnúningur í vöruskiptum landsmanna sem nemur 20 milljörðum.

Ástæður vöruskiptahalla liggja í miklum innflutningi en innflutningur jókst 25,8% á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tíma í fyrra að því er fram kemur í Hálfmín fréttum greiningardeildar KB banka. Rætur mikils vaxtar innflutnings liggja fyrst og fremst í miklum innflut-

ingi ökutækja, eldsneytis og fjárfestingarvara. Innflutningur fólksbifreiða jókst um 84 prósent frá sama tíma í fyrra. Innflutningur flutningatækja nam um 26 milljörðum, þar af var innflutningur fólksbifreiða um 14 milljarða.

Í Hálfmín fréttum KB banka segir að athygli veki að innflutningsverðmæti bifreiða sé rúmlega tvisvar sinnum meira en það var á sama tíma árin 1999 og 2000 sem

voru metár í bláinnflutningi. Innflutningur fjárfestingarvara nam um 29 milljörðum og jókst um 20 prósent frá sama tíma í fyrra. Innflutningur eldsneytis jókst um rúmlega 51 prósent frá sama tíma í fyrra sem að mestu má rekja til hækkandi eldsneytisverðs.

Útflutningur jókst um 6,5 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra og er það fyrst og fremst að rekja til um átta prósent vaxtar í útflutningi sjávarafurða, en útflutningur iðnaðarvara jókst aðeins um rúm tvö prósent á sama tíma.

Rætur mikils vaxtar innflutnings liggja fyrst og fremst í innflutningi ökutækja, eldsneytis og fjárfestingarvara.

Alltaf að spá rétt

Vinir mínir hafa verið að hringja í mig og hæla mér fyrir að hafa spáð þessu með Burðarás og Landsbankann. Þótt ég viti nú alveg hvað ég syng, þá hef ég nú bent þeim á að það þurfi ekki kjarneðlisfræðing til þess að átta sig á því að eitthvað slíkt hlýti að vera í pípunum.

Ég nennti ekki einu sinni að fylgjast með genginu á Landsbankanum í gær. Var bara að þvælast á milli bílaumboðanna og spá í að fá mér nýjan fyrir hagnaðinn af stöðunni í Landsbankanum. Að vísu þarf ég að bíða í smá tíma eftir að fá Porchinn í þeirri útfærslu sem ég vill hafa hann, en Range Roverinn dugar ágætlega enn, enda bara tæplega eins árs. Spurning þegar svona vel gengur hvort maður eigi ekki bara að eiga

SPÁKAUPMAÐURINN

hann líka og láta byggja þriðja bílskúrinn við húsið.

Ég ætla ekki að selja Landsbankann alveg strax. Þeir eru núna með fullt að peningum sem þeir ætla að koma í vinnu. Ég er enn þá alveg sannfærður um að Carnegie er verkefni sem þá blóðlangar að klára. Þeir þurfa bara að tryggja að lykilstarfsmennirnir séu sáttir. Þeir þurfa kannski aðeins að bíða, því þessi sameining keyrir upp gengið á Carnegie, því Svíarnir eru eins og ég býsna trúadír á að yfirtökuþilboð komi frá Landsbankanum.

Annað sem er spennandi að fylgjast með er eignarhlutur Straums í Íslandsbanka. Ég heyrir að Straumsmenn hafi verið að

þjóða hlut sinn í bankanum til sölu. Maður sem ég hitti sagðist hafa heyrt að þeir teldu sig geta lofað fullum völdum í bankanum og tryggt yfirráð yfir allt að 45 prósentum í bankanum.

Mér sýnist að Straumur þurfi að finna kaupanda að þessum hlut og er alveg tilbúinn að koma saman hópi um að kaupa hann. Það ætti ekki að taka svo langan tíma að raða saman einhverjum sem eru til í að taka sprettinn með Kalla Werners og Bjarna. Verst hvað maður verður sýnilegur sem kjölfestueigandi í banka. Mér finnst nefnilega best að vera ósýnilegur. DV og Frjáls verslun vita ekkert um mig og ef endurskoðandinn gerði einhver mistök og maður yrði áberandi út af skattinum, þá myndu flestir halda að maður væri kvótakóngur. Það er samt lítil hætta á því. Ég er með góðan endurskoðanda.

Spákaupmaðurinn á horninu



Ég ætla ekki að selja Landsbankann alveg strax. Þeir eru núna með fullt að peningum sem þeir ætla að koma í vinnu.

www.toyota.is



Sumir draumar rætast

Avensis - Upplifun

Avensis stendur undir miklum væntingum. Bíllinn er ríkulega hlaðinn staðalbúnaði. Innri hönnun einkennist af miklu rými og þægindum fyrir ökumann og farþega. Avensis hefur sjálfvirkan regnskynjara á þurrkum,

tölvustýrða loftræstingu í miðstöð, hágæða hljómfletningstæki og afar fullkominn hemlunar- og öryggisbúnað. Komdu í reynsluakstur og láttu drauma þína rætast í veruleikanum. Næst ekur þú Avensis.

Verð frá 2.340.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



FAHD KONUNGUR SÁDI-ARABÍU
Fahd lést á mánudag og hækkaði olíuverð í kjölfarið. Arftaka hans, Abdullah krónprins, tókst þó að lægja öldurnar og segir olíustefnu landsins haldast óbreytta.

Konungur deyr og olíuverð hækkar

Abdullah krónprins hefur nú tekið við krúnunni og ætlar ekki að breyta stefnu landsins í olíumálum.

Olíuverð náði methæðum í kjölfar fregna af andláti Fahds konungs Sádi-Arabíu. Var fatið komið yfir 62 dali á mánudag. Hvergi er framleidd meiri olía en í Sádi-Arabíu og óttuðust sérfræðingar óróa í landinu eftir fráfall Fahds.

Abdullah krónprins, sem er 81 árs gamall, hefur formlega tekið við stjórnartaumum í landinu en hann hefur þó í rauninni ráðið öllu sem hann hefur viljað ráða í veikindum Fahds konungs.


„Það eru engar umframbergðir af olíu til í heiminum og því veldur minnsta truflun miklum verðhækkunum,“ sagði Larry Goldstein, forseti Olíuöndar-samtaka Bandaríkjanna, og bætti við: „Mig grunar nú samt að ekki verði miklar breytingar á stjórnarhátum í Sádi-Arabíu.“

Fyrsta embættisverk Abdullah var að nefna hálfbróður sinn og varnarmálaráðherra Saudi-Arabíu, Prins Sultan, sem arftaka sinn og sérlegan aðstoðarmann. Abdullah notaði tækifærið og lýsti því yfir að stefna landsins í olíumálum héldist óbreytt. Verð á olíu lækkaði í kjölfarið og stendur nú í rúmlega 61 dölum á fat. - jsk

Ódyrt easyHotel

Lággjaldahótel í eigu easyJet.

Lággjaldaflygfélagið easyJet, sem FL Group á hlut í, hefur opnað lággjaldahótel undir nafninu easyHotel. Þar kostar herbergi



fyrir tvo tuttugu pund eða tæpar 2.500 krónur. Engin hefðbundin þægindi eru til staðar á borð við móttöku, sundlaug, kæliskáp en hægt er að horfa á sjónvarp fyrir auka greiðslu. Því fyrr sem herbergin eru pöntuð því minna er greitt fyrir þau þannig

ad það borgar sig að vera tímanlega í því. Stelios segir öll herbergin vera eins og því verði engar óvæntar upptækur. - dh

Gamall draumur rætist

Eitt stærsta iðnaðarfyrirtæki landsins verður til í haust þegar Promens og Bonar Plastics sameinast. Promens, sem er byggt á grunni Sæplasts, verður þá með starfsemi í nítján löndum. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnti sér fyrirtækið og framtíðarsýn stjórnenda og eigenda þess.

Promens varð til í maí síðastliðnum þegar félagið tók yfir dótturfélög Sæplasts-samstæðunnar sem eru ekki í umbreytingarferli.

Þetta dótturfélag Atorku Group hefur nú tekið stórt stökk fram á við með kaupum á breska plastiðnaðarfyrirtækinu Bonar Plastics sem var í eigu Low and Bonar.

Geir A. Gunnlaugsson, forstjóri Promens, segir að með kaupunum rætist gamall draumur stjórnenda Promens og Sæplasts. Þá hafi nefnilega lengi dreymt um að eignast Bonar Plastics, einn helsta samkeppnisáðilann sinn.

PROMENS PREFALDAST

Bonar Plastics er nærri þrefalt stærra en Promens og þegar kaupin ganga í gegn í sum-

arlok verður til eitt stærsta iðnaðarfyrirtækið sem er í eigu Íslendinga. Gert er ráð fyrir að velta sameinaðs félags verði um 140

milljónir evra eða hátt í ellefu milljarðar króna. Áætlanir gera ráð fyrir að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði verði um einn milljarður króna. Um 1.250 manns starfa fyrir samstæðuna sem verður með starfsemi í nítján verk-smiðjum í þremur heimsálfum.

Stjórnendur Promens sjá ýmis tækifæri í því að yfirtaka Bonar Plastics. Fyrir það fyrsta vex starfsemin til muna með þessari þriggja milljarða fjárfestingu.

Þá er líklegt að vöxtur framleiðslu með því að hverfissteypa vörur úr plasti verði mun meiri en með annars konar framleiðsluáferðum. Kostnaður á hverja einingu í fram-

leiðslu er til dæmis mun lægri en með öðrum aðferðum.

Í stuttu máli fer framleiðsla á hverfisteyptum vörum fram með þeim hætti að plastefni eru sett í mót. Mótið er svo sett í heitan ofn þar sem það er hitað og snúið um tvo ása. Efnid dreifist um mótið og vegna hitans þá bráðnar það og binst svo saman. Það er síðan kælt og látið snúast áfram. Síðan er efnid losað úr mótinu.

ÖFLUGT FYRIRTÆKI

Kaupin á Bonar Plastics eru ekki síst til þess fallinn að styrkja markaðsstöðu fyrirtækisins. Bonar hefur sterka markaðsstöðu og starfar í tveimur heimsálfum, þróunarstarf þess hefur verið öflugt og félagið er framarlega í tæknifyngjum. Við kaupin sameinast helstu samkeppnisáðilarnir í hverfisteyptum vörum úr plasti og vonast menn til að reksturinn gefi meira af sér, þar sem samkeppnin hefur verið hvað hörðust, auk þess sem sameina megi sölu- og markaðsstarf félaganna.

Þá er framleiðsla Bonar Plastics fjölbreytt. Geir segir að um 65 prósent af framleiðslu fyrirtækisins fari til þriðja aðila, það er annarra framleiðenda á iðnaðarvörum. Helstu viðskiptavinir samstæðunnar eru DaimlerChrysler, Caterpillar, John Deere, Peugeot, Renault og Volvo.

Um 35 prósent af framleiðslunni hefur fyrirtækið selt sjálft. Eigin vörur eru einkum ker og tankar sem notuð eru til geymslu og flutninga fyrir lyfja- og matvælaíðnaðinn. Samsteypan ætlar sér að hækka hlutdeild eigin vara upp í 45 prósent.

„Í Evrópu og Norður-Ameríku vex þessi iðnaður í samræmi við vöxt þjóðartekna en vöxturinn er mun hraðari í þróunarríkjum,“ segir Geir. Fjórir verksmiðjur Bonar Plastics eru í Bandaríkjunum og Kanada en átta í Evrópu, þar af þrjár í Frakklandi. Ætlunin er að sameina verksmiðju Sæplasts í Kanada við starfsemi Bonar Plastics í sama landi.

Geir telur að tækifærin liggja í útrás starfseminnar í Austur-Evrópu og Asíu. Eitt af fyrstu verkefnum hins nýja sameinaða félags er stækkun í Póllandi. Þar ætlar fyrirtækið að fjárfesta í nýrri verksmiðju fyrir 120-150 milljónir króna.

ÁHERSLAN Á IÐNAÐARGEIRANN

Magnús Jónsson, stjórnarformaður Atorku Group, segir að félagið leggi mikla áherslu á að starfa með sterku liði stjórnenda. Það einkenni stærstu eignarhluti félagsins. Fyrir utan Promens séu stærstu eignir Atorku í bresku iðnaðarfyrirtækjunum Low and Bonar og NWF Group. Atorka á um fimmtingshlut Low and Bonar og um tíu prósent í NWF.

„Okkar áherslur eru mikið til erlendis þessa dagana og kaupin á Bonar Plastics eru bara eitt dæmi um það sem við erum að vinna í dag,“ segir hann.

Eftir sölu á Bonar Plastics er kjarna-starfsemi Low and Bonar á tveimur sviðum, í gólfefnaframleiðslu og garn- og vefnaðarframleiðslu.

Að mati Magnúsar er NWF er spennandi og arðbært félag sem vex um 7-10 prósent árlega á markaði sem er nánast mettaður. Fyrirtækið er því að taka stærri bita af kökunni á hverju ári. Fyrirtækið er byggt upp á fjórum einingum, flutningastarfsemi, fódurframleiðslu fyrir landbúnað einkum nautgriparækt, olíudreifingu og smásölu með garðvörur.



ELÍNBJÖRT JÓNSDÓTTIR OG TRYGGVI P. FRÍÐRIKSSON, EIGENDUR GALLERÍS FOLDAR Markaður með myndlist er byrjaður að taka við sér eftir að málverkafölsunarmálunum lauk. Vaxandi áhugi er meðal almennings á að fjárfesta í myndlist og hafa viðtökur verið góðar við vaxtalausum lánum frá KB banka til kaupa á samtímamyndlist.

BESTA RÁÐIÐ

Fær lífsreglur úr Biblíunni

Jón Sigurðsson seðlabankastjóri segist eiga erfitt með að velja úr þeim aragrúa ráðlegginga sem er að finna í Biblíunni: „Spurningin kemur alveg flatt upp á mig, þetta er ekki eitthvað sem ég leiði hugann að svona frá degi til dags. Annars fæ ég mínar lífsreglur úr Biblíunni og á erfitt með að nefna eitt ráð öðru fremur.“

Jón segist hafa orðið kristinn 25 ára gamall, þá hafi hann sókkt sér í trúarritin og ekki stoppað síðan: „Ég les bæði Biblíuna og sálmaþækurnar. Þar eru mjög margar ráðleggingar og þær langsamlega bestu sem ég hef fengið á lífsleiðinni.“

Jón flettir Biblíunni iðulega og segist alltaf finna eitthvað

nýtt og spennandi, stundum fletti hann jafnvel upp af handahófi: „Ég hef ábyggilega flett Biblíunni hundrad þúsund sinnum og alltaf finn ég eitthvað sem ég get notað.“ - jsk

JÓN SIGURÐSSON SEÐLABANKASTJÓRI Jón segist fá sínar lífsreglur úr Biblíunni og að erfitt sé að velja eitt ráð umfram annað.





Fréttablaðið/Stefán

ANDRI MÁR INGÓLFSSON Í HEIMSFERÐUM Andri segir mikla stærðarhagkvæmni fylgja kaupum Heimsferða á STS-ferðaskrifstofum: „Íslendingar fá aðgang að nýjum stöðum á áður óþekktu verði.“

Tólf milljarða velta

Heimsferðir hafa fært út kviarnar og festu nýlega kaup á tveimur skandinavískum ferðaskrifstofum. **Andri Már Ingólfsson**, eigandi Heimsferða og stjórnarformaður nýja fyrirtækisins, segir arðsemi mikilvægari en markaðshlutdeild. **Jón Skaftason** hittir Andra að máli og fræddist um nýja ferðarisann.

Heimsferðir festu nýverið kaup á ferðaskrifstofum STS Solresor og STS Solia. Um er að ræða systurfyrirtæki, Solresor með aðsetur í Svíþjóð og Solia í Noregi, sem áður voru í eigu STS International.

Velta fyrirtækjanna er áætluð á þessu ári tæpir níu milljarðar króna og veltan að Heimsferðum meðtöldum nemur tólf milljörðum. STS er stærsti ferðaheildsali á Norðurlöndum og flytur á þessu ári um 170 þúsund farþega í eigin flugi. Í ár er spáð methagnaði í fimmtán ára sögu fyrirtækisins.

ENGIN SKYNDIÁKVÖRDUN

Andri Már Ingólfsson er stjórnarformaður nýja fyrirtækisins og segir kaupin ekki gerð í neinum flýti: „Við höfum verið að líta í kringum okkur undanfarnin þrjú ár, skoðuðum mörg fyrirtæki og gáfum okkur góðan tíma“.

Heimsferðir höfðu ákveðna mælikvarða við leitina. Fyrirtækið þurfti að vera vel rekið, skila hagnaði, hafa góða markaðsstöðu og gott stjórnunarteymi. Andri segir STS hafa uppfyllt alla þessa mælikvarða: „Þegar við rákumst á STS var eftirleikurinn auðveldur. Söluferlið tók um sjö mánuði.“

Andri segir fyrirtækin í raun mjög lík. Þau séu ung, fólkíð drifandi og sífellt leitandi nýrra markaða og tækifæra. Þá hafi snemma komið í ljós að forgangsröðunin er sú sama: „Fyrsta boðorðið er arðsemi en ekki markaðshlutdeild og hefur alltaf verið. Þetta er lykillinn að góðri stöðu okkar og þeim árangri sem náðst hefur.“

GOTT ORÐSPOR

Orðspor STS er gríðargott á Norðurlöndum að sögn Andra og grundvöllur traustur til að byggja ofan á. Hann segist líta á nýja fyrirtækið sem norrænt ferðapjónustufyrirtæki: „Við horfum líka til hinna Norðurlandanna, Finnlands og Danmerkur. Þar erum við komnir með ákveðið samstarf í gang og

stefnum að enn frekari stækkun.“

Skandinavíski markaðurinn er hundrað sinnum stærri en sá íslenski og því ljóst að Heimsferðir vinna nú með áður óþekktar stærðir. STS hefur mest flogið í leiguflogi með SAS og eru ferðirnar sem boðið er upp á skilgreindar í efri-milliflokki verðs: „Fólk kemur aftur og aftur í ferðir hjá STS, mikið af fastakúnnum. Það er í raun hið stóra verðmæti fyrirtækisins, það nýtur góðs orðspors fyrir gæðafærðir“.

Engar stórvægilegar breytingar verða gerðar á rekstri STS og Heimsferða. Framkvæmdastjórn Solresor og Solia halda störfum áfram, enda engin ástæða til þess að breyta því sem vel gengur.

SKILAR SÉR TIL VIÐSKIPTAVINA

Andri segir miklu muna að koma inn í fyrirtæki í góðum rekstri, þar sem ekki þurfi að eyða fyrsta árinu í að skera upp, breyta og bæta: „Ákvarðanatata verður öll miklu hraðari. Við munum til að mynda kynna sameiginlega nýja áfangastaði nú í ágúst.“

Hann segir að sú stærðarhagkvæmni sem fylgi sameiningunni skili sér strax til viðskiptavina: „Við erum nú til dæmis með 40 þúsund farþega til Kanarí-eyja. Samningagerð, innkaup og flugsamgöngur verða allar auðveldari. Þetta skilar sér beint til viðskiptavinarins. Íslendingar fá aðgang að nýjum stöðum á áður óþekktu verði.“

Aðspurður um framtíðarsýn nýja fyrirtækisins segir Andri því engin takmörk sett: „Heimurinn. Það er víðeigandi í ljósi þess að við heitum Heimsferðir,“ en bætir við að mikilvægt sé að taka ekki of stór stökk.

Tryggja þurfi að reksturinn haldi áfram að vaxa með arðsemi að leiðarljósi: „Auðvitað er þetta stórt skref en þetta er okkar kjarnarekstur, það sem við kunnum best. Það er höfuðástæðan fyrir þessu skrefi. Við vitum hvað við erum að fara út í.“

Fótboltiðin eftirsótt

Newcastle, Tottenham og Aston Villa hafa öll hækkað undanfarnar vikur.

Hlutabréf í Newcastle Utd. tóku mikinn kipp í byrjun síðustu viku þegar tilkynnt var að sir John Hall, eigandi um 28,5 prósent hlutar, hefði fengið tilboð í bréfin sín. Ekki hefur verið greint frá því hver bauð í hlutinn en talið er að Graham Wylie, sem hefur hagnast á veðreiðum og hugbúnaðarframleiðslu, sé á bak við tilboðið.

Markaðsverðmæti Newcastle er um tíu milljarðar króna og gæti því hlutur sir Johns farið á 2,8 milljarða. Hann eignaðist bréfin árið 1991 og er forseti félagsins til lífstíðar.

Freddy Shepherd, stjórnar-

formaður Newcastle, á einnig stóran hlut í félaginu og verður félagið ekki yfirtekið án hans blessunar. Douglas Hall, sonur Sir Johns Hall, á um tólf prósent en hann og Freddy eru miklir félagar.

Önnur úrvalsdeildarfélag sem eru skráð á breska hlutabréfamarkaðinn hafa heldur ekki farið varhluta af yfirtöku-orðrómi. Hlutabréf í Tottenham Hotspur hafa einnig hækkað mikið í bresku kauphöllinni að undanfögnu eða um 30 prósent í júlímánuði. Bréf í Aston Villa hafa hækkað um fimmtung frá því í apríl vegna orðróms um yfirtöku. - eþa



SHEARER SKORAR Stærsti eigandi Newcastle Utd. hefur fengið tilboð í bréfin sín. Önnur úrvalsdeildarlið hafa einnig hækkað vegna orðróms um yfirtöku.

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD

sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, party og alls konar samkomur. Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPIÐ:

virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is



HERMANN HREIÐARSSON Hann er réttnefndur söluþingur íslenskrar knattspyrnu. Hann hefur verið seldur samtals fyrir rúman milljarð króna og hefur spilað með fimm enskum liðum.



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Það þætti ekki mikið að borga 575 milljónir fyrir Eið í dag eins og Chelsea gerði á sínum tíma.



ARNAR GUNNLAUGSSON Frá Bolton til Leicester á 230 milljónir króna.



HEIÐAR HELGUSON Hann á tvær stórar sölur að baki fyrir samtals 325 milljónir króna.



HELGI SIGURÐSSON Gríska liðið Panathinaikos greiddi 140 milljónir króna fyrir Helga.



ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON Stoppaði stutt á Spáni þrátt fyrir að kosta Las Palmas um 190 milljónir króna.



JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON Real Betis greiddi 350 milljónir króna fyrir kappann.

Tíu stærstu sölur Íslandssögunnar*

Eiður Smári Guðjohnsen	Bolton - Chelsea	575
Hermann Hreiðarsson	Wimbledon - Ipswich	520
Jóhannes Karl Guðjónsson	Walwijk (Hol) - Real Betis (Spá)	350
Hermann Hreiðarsson	Brentford - Wimbledon	290
Arnar Gunnlaugsson	Bolton - Leicester	230
Þórður Guðjónsson	Genk (Bel) - Las Palmas (Spá)	190
Heiðar Helguson	Lilleström (Nor) - Watford	175
Heiðar Helguson	Watford - Fulham	150
Helgi Sigurðsson	Stabæk (Nor) - Panathinaikos (Gri)	140
Hermann Hreiðarsson	Ipswich - Charlton	105

*Upphæðir í milljónum króna. Félagslíð eru ensk nema annað sé tekið fram.
**Heimildir www.soccer.net, www.skysports.com

Fæst aldrei nóg fyrir íslenska leikmenn

Ólafur Garðarsson er hæstaréttarlögmaður og starfar sem slíkur hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur. Ólafur er þó enginn venjulegur lögmaður heldur starfar hann samhliða sem umboðsmaður knattspyrnumanna og hefur gert undanfarin átta ár. Ólafur sagði í samtali við *Jón Skaffason* að margir hefðu ranghugmyndir um atvinnumennsku í knattspyrnu; það væri ekki svo að menn yrðu ríkir í einu vefangi.

Ólafur Garðarsson segist alla tíð hafa verið forfallinn knattspyrnufíkill og hafi í starfi sínu sem lögmaður verið beðinn um að fara yfir samninga fyrir marga fótboltamenn. Við þá vinnu hafi hann fengið þá flugu í höfuðið að gerast umboðsmaður knattspyrnumanna enda lögfræðin góður grunnur fyrir starf sem snýst að miklu leyti um að gera samninga: „Þá tók við ferli til að fá tilskilin leyfi frá Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA) og Knattspyrnusambandi Íslands. Maður þurfti að lesa sér til og gangast undir próf, þá þurfti að leggja inn 15 milljóna króna tryggingu í svissneskan banka. Mér skilst að það sé búið að einfalda ferlið eitthvað núna, bankinn þarf í það minnsta ekki lengur að vera svissneskur.“

BLINT Í SJÓINN

Í dag eru margir frægustu og efnilegustu knattspyrnumenn þjóðarinnar á vegum Ólafs; nægir þar að nefna Hermann Hreiðarsson hjá Charlton í ensku úrvalsdeildinni, og þá Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson sem báðir spila fyrir Reading í ensku fyrstu deildinni.

Ólafur segist þó í raun hafa vaðið blint í sjóinn þegar hann hóf að starfa sem umboðsmaður. Hann hafi ætlað sér að fylgjast með leikmannamarkaðnum hér heima, sigta þá út sem ættu möguleika á frekari frama og bíða svo eftir símtölum framkvæmdastjóra erlendra liða: „Sú varð nú aldeilis ekki raunin enda vakna framkvæmdastjórar ekki á morgnana og velta fyrir sér hvort næstu stórstjörnu sé að finna á Íslandi.“

Þegar Ólafur uppgötvaði að ekki væri að því hlaupið að koma íslenskum leikmönnum á framfæri erlendis hóf hann mikið markaðsstarf til að kynna sjálfan sig og íslenska knattspyrnu: „Ég lagðist í hálfgerðan víking næstu árin. Heimsótti markvisst lið og framkvæmdastjóra, þetta vatt síðan upp á sig, ég fór að senda leikmenn til reynslu og menn sáu að ég var ekkert að senda leikmenn sem ekkert erindi áttu.“

Ólafur sér alls ekki eftir þeirri fjárfestingunni sem í ferðalögunum fólst enda hafi hún borið ríkulegan ávöxt: „Í dag þekki ég gríðarlega marga úti í hinum stóra knattspyrnuheimi og fæ mikið af hringingum. Markaðsstörfín halda þó vitaskuld alltaf áfram.“

KOMAST EKKI STRAX Í ÁLNIR

Ólafur hefur komið mörgum íslenskum leikmönnum til erlendra liða en bendir á að menn komast ekki í álnir á fyrsta samningi sínum erlendis: „Það er ekki fyrr en á öðrum samningi við erlent lið að leikmenn geta farið að fá umtalsverðar fjárhæðir í sinn hlut. Árstekjur leikmanna sem spila í ensku úrvalsdeildinni geta hlaupið á hundruðum milljóna króna, fyrstu deildar leikmanna á tugum milljóna.“

„Það er ekki fyrr en á öðrum samningi við erlent lið að leikmenn fara að fá umtalsverðar fjárhæðir í sinn hlut. Árstekjur leikmanna sem spila í ensku úrvalsdeildinni geta hlaupið á hundruðum milljóna króna, fyrstu deildar leikmanna á tugum milljóna.“

Engir smápeningar

Ljóst er að eftir miklu er að slægjast fyrir unga knattspyrnumenn. Líklega er þó æðsti draumur þeirra flestra að spila í ensku úrvalsdeildinni, þótt ekki væri nema peninganna vegna.

Samkvæmt skýrslu endurskoðendafyrirtækisins Deloitte er Touche greiða ensku úrvalsdeildarliðin leikmönnum sínum

að meðaltali 4,4 milljarða króna í árslau. Samkvæmt því eru meðallaun leikmanna deildarinnar tæplega 75 milljónir á ári.

Leikmenn í heimsklassa fá þó mun meira en það; ensku varnarmennirnir Sol Campbell hjá Arsenal og John Terry hjá Chelsea fá til að mynda um 12 milljónir króna í vikulaun. Okkar

maður, Eiður Smári Guðjohnsen, er svo sannarlega í fremstu röð og er sagður fá um sjö milljónir á viku.

Það er því ljóst að ekki væsir um umboðsmenn þessara kapp, enda fimm prósent af 115 milljónum ekkert til að fúlsa við. - jsk



ÓLAFUR GARÐARSSON UMBODSMAÐUR KNATTSPYRNUMANNA Ólafur hefur aðstoðað marga íslenska knattspyrnumenn við að komast að hjá erlendum liðum. Hann segir þó að starfið sé erfiðara en hann óraði fyrir: „Framkvæmdastjórar erlendra liða vakna ekki á morgnana og velta fyrir sér hvort næstu stórstjörnu sé að finna á Íslandi.“

Alengt er að íslensk félög fái fimm til fimmtán milljónir króna fyrir leikmenn sem hafa náð að sanna sig í úrvalsdeildinni hér heima, yngri leikmenn kosta minna: „Það fæst sjálfsagt aldrei nóg fyrir íslenska leikmenn, enda íslensk knattspyrna kannski ekki hátt skrifuð á alþjóðavettvangi,“ segir Ólafur.

FIFA gefur út tilmæli um hvernig greiðslum til umboðsmanna skuli háttáð, er þar gert ráð fyrir því að um fimm prósent grunnlauna leikmanna renni til þeirra umboðsmanna sem stóðu að félagsskiptum þeirra. Ekki er óalengt að sú upphæð skiptist milli tveggja eða fleiri umboðsmanna: „Fyrir leikmann sem spilar í Noregi og fær 300 þúsund krónur í mánaðarlaun fær umboðsmaður 180 þúsund krónur á ári. Smærri sölur gefa því ekki mikið í aðra hönd.“

Ólafur bætir því við að líklega séu einungis tveir íslenskir leikmenn í því sem hann kallar efsta lagið, meðal þeirra launahæstu; Eiður Smári Guðjohnsen og Hermann Hreiðarsson.

GOTT ORÐ FER AF ÍSLENSKUM LEIKMÖNNUM

Ólafur segir að þótt íslensk knattspyrna sé ekki hátt skrifuð fari gott orð af íslenskum knattspyrnumönnum erlendis: „Þeir eru vel liðnir og engir vandræðagemsar, þeir hafa til mynda margir hverjir verið gerðir að fyrirlíðum sinna liða, menn eins og Guðni Bergsson og Heiðar Helguson, þá hafa Hermann Hreiðarsson og Ívar Ingimarsson borið böndin í forföllum hjá sínum liðum.“

Ólafur telur að þrátt fyrir að íslensk knattspyrna standi ágætlega sé ýmislegt sem betur megi fara: „Íslenskir knattspyrnumenn eru sumir hverjir ekki í nægilega góðu líkamlegu ásigkomulagi. Ég hef oft fengið kvartanir vegna leikmanna sem ég hef sent út undir lok tímabils hérna heima, þegar þeir eiga að vera í algeru toppformi. Það er spurning hvort æfingar íslenskra liða séu nægilega markvissar.“


Þá segir Ólafur unga og efnilega leikmenn ekki fá næg tækifæri með A-landsliðinu: „Það tókast víða í útlöndum að henda ungum leikmönnum í djúpu laugina, það sést kannski best á hinum unga Englendingi Wayne Rooney, sem var byrjaður að spila með landsliðinu sautján ára. Hér er hins vegar beðið lengur. Ég vil gjarnan sjá unga og efnilega leikmenn leika fyrr með 21 árs og A-landsliðinu. Get ég þá nefnt Bjarna Þór Viðarsson hjá Everton, Ólaf Inga Skúlason hjá Brentford, Elmar Bjarnason og Kjartan Henry Finnbogason hjá Celtic og Rúrik Gíslason sem nú spilar með HK.“



FLEIRI HLUSTENDUR SEM HLUSTA MIKLU LENGUR


GOTT FOLK MCCANN

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Uppsöfnuð dekkun



Áheyrendur okkar eru fleiri...

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Markaðshlutféld meðalhlustun í mínútum



... og hlusta lengur!

BLT STENDUR FYRIR BYLGJUNA, LÉTT 96,7 OG TALSTÖÐINA

Hlustendur okkar eru þinn markhópur – 75% Íslendinga 50 ára og yngri hlusta á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina í viku hverri. Jafnframt hlusta þeir meira á þessar stöðvar en aðrar.

Samkeyrðar auglýsingar á BLT tryggja að skilaboðin þín komast áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Gallups í júní 2005
*Fm 95,7, X-ið Kiss Fm, X FM, Saga



BANKAHÓLFID



Síminn 2,5 sinnum dýrari

Mikið hefur verið fjallað um áhugaleysi erlendra fjárfesta á Símanum, en hann var seldur á 66,7 milljarða króna. Er verðið talið hátt en það nemur milljarði Bandaríkjadala. Árið 2001 átti að selja Símann, þá á lægra verði en á móti kemur að gengið krónunnar var mun veikara þá. Verðið á Símanum þá var því hagstæðara fyrir erlenda fjárfesta en það er í dag.

Í fyrri undirbúningi að sölu Símans var talað um að verðið væri í kringum 45 milljarða. Þá var gengi Bandaríkjadals í 105 krónum á hlut og hefði því verðið á Símanum verið rúmlega 400 milljónir Bandaríkjadalir. Virði Símans er því 2,5 sinnum meira en áður.

Það er ekki nema von að erlendir fjárfestar hlaupi ekki upp til handa og fóta fyrir Símanum á milljarð Bandaríkjadala.

Nýtt tungumál í Straumi

Með uppskiptum Landsbankans og Straums á Burðarási eignast Straumur mikið safn hlutabréfa í sænskum fyrirtækjum. Svo mikið að telja verður að Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, þurfi líklega ef vel á að vera að skella sér á sænskunámsskeið. Það gæti orðið uppgrip fyrir sænskukennara að koma starfsmönnum Ström Burdaras investeringsbank, eins og hann hét á sænsku, inn í hina klíðmjúku sænsku. Þeir félagar í Straumi ættu ekki að vera lengi að læra sænskuna, enda orðnir ágætir í dönsku eftir aðkomu af kaupum í Magasin du Nord. Ekki er að efa að þeir Strömsmenn eru á fullu þessa dagana við að nýta dönskukunnáttuna. Burðarás átti einnig hlut í Finnair, en finnskan er mál sem tekur því ekki að byrja að læra ef maður er eldri en sjö ára.

Konur og fyrirtæki

Tískuverslunarkeðjan Jane Norman hefur bæst í flóru fyrirtækja sem íslenskir fjárfestar hafa eignast en tilkynnt hefur verið um kaup Baugs og KB banka á fyrirtækinu. Í tilkynningu frá Baugi segir: „Viðskiptamarkhópurinn eru konur á aldrinum 15 til 25 ára sem eru mjög meðvitaðar um tískuna og vilja verja handbærum fjármunum sínum í tískufatnað.“

Þetta er skemmtilegt líkingarmál. Hér er ungum konum líkt við vel rekið fyrirtæki sem hefur sjóðstreymið alveg á hreinu. Fjárfestingargeta konunnar veltur mikið á góðu sjóðstreymi en hún er jafnframt mjög meðvituð hvernig verja skal þessum handbæru fjármunum.

66,7 milljarðar fengust fyrir 99 prósentu hlut ríkisins í Símanum.

91,165 Markaðsvirði Burðarás nam rúmum 91 milljarði áður en því var skipt upp.

24,766 milljóna króna hagnaður var af KB banka á fyrstu sex mánuðum ársins.

MONT BLANC®

Stöðugt á toppnum



Í ferðaboxunum frá Mont Blanc er tjakkur sem auðveldar lestun og losun

Ferðaboxin frá Mont Blanc eru hönnuð með það í huga að hafa sem minnstu vindmótstöðu en jafnframt mikið rými.



Þrjú handtök og ferðaboksið er komið á toppinn



Margar þægilegar aðferðir eru til að geyma ferðaboxin frá MONT BLANC



1989 / TAKTÍK / 16.05

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is